



**Count on it.**


Form No. 3454-638 Rev A

**Notendahandbók**

## **Workman® MDX-vinnubíll**

Tegundarnúmer 07235—Raðnúmer 410500000 og upp úr

Tegundarnúmer 07235TC—Raðnúmer 410500000 og upp úr



Þessi vara uppfyllir allar viðeigandi evrópskar reglugerðir; frekari upplýsingar er að finna á aðskildu samræmisyfirlýsingarskjali vörunnar.

Notkun vélarinnar á skógivaxið, runnavaxið eða grasivaxið landsvæði telst brjóta í bága við almenningsauðlindalöggjöf Kaliforníu, hluta 4442 eða 4443, nema vélin sé búin neistavara, samkvæmt skilgreiningu í hluta 4442, henni sé haldið í góðu vinnuástandi eða hún hefur verið byggð, útbúin og viðhaldið þannig að komið sé í veg fyrir eldsvoða.

Meðfylgjandi notendahandbók vélarinnar inniheldur upplýsingar um Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (EPA) og útblástursreglugerð Kaliforníu fyrir útblásturskerfi, viðhald þeirra og ábyrgð. Hægt er að panta varahluti hjá framleiðanda vélarinnar.

## ⚠ VIÐVÖRUN

### KALIFORNÍA Viðvörðun, tillaga 65

Vélarútblástur frá þessari vöru inniheldur efni sem Kaliforníuríki eru kunnugt um að geti valdið krabbameini og fæðingargöllum eða öðrum æxlunarskaða.

Rafgeymaskaut og tengihlutir innihalda blý og blýsambönd, efni sem Kaliforníuríki er kunnugt um að geti valdið krabbameini og æxlunarskaða. Þvoið hendur eftir meðhöndlun.

## Inngangur


Þessi vinnubíll er aðallega ætlaður til notkunar utan vega við flutning fólks og efnis. Notkun þessarar vöru við annað en tilætlaða notkun getur skapað hættu fyrir stjórnanda og nærstadda.

Lesið þessar upplýsingar vandlega til að læra að stjórna og sinna réttu viðhaldi á vörunni og til að koma í veg fyrir meiðsl og skemmdir á vörunni. Eigandi ber ábyrgð á réttri og öruggri notkun vörunnar.

Á [www.Toro.com](http://www.Toro.com) er að finna kennsluefni tengt öryggi og notkun vörunnar, upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um söluaðila og vöruskráningu.

Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. **Mynd 1** sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni. Skriðið númerin í kassann hér á síðunni.

**Mikilvægt:** Hægt er nálgast upplýsingar um ábyrgð, varahluti og aðrar vöruupplýsingar með því að skanna QR-kóðann á raðnúmersmörkingunni (ef hann er til staðar) með fartæki.



Mynd 1

1. Staðsetning tegundar- og raðnúmera

Tegundarnúmer _____
Raðnúmer _____

Þessi handbók notar 2 orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ undirstrikar almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

Öryggistákn (Mynd 2) kemur bæði fyrir í þessari handbók og á vinnubílum og er ætlað að auðkenna mikilvægar öryggisupplýsingar sem taka þarf mið af til að forðast slys. Þetta tákn birtist ásamt orðinu **Hætta**, **Viðvörðun** eða **Varúð**.

- **Hætta** gefur til kynna yfirvofandi hættulegar aðstæður sem **valda** dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er komið í veg fyrir þær.
- **Viðvörðun** gefur til kynna hugsanlega hættu sem **gæti** valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er komið í veg fyrir hana.
- **Varúð** gefur til kynna hugsanlega hættu sem **getur** valdið minni háttar eða alvarlegri meiðslum ef ekki er komið í veg fyrir hana.



Mynd 2  
Öryggistákn

g000502

# Efnisyfirlit

Öryggi .....	4	Öryggi tengt rafkerfi .....	39
Almennt öryggi .....	4	Viðhald rafgeymis .....	39
Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar .....	5	Skipt um öryggi .....	40
Uppsetning .....	8	Viðhald aðalljósa .....	40
1 Uppsetning stýris .....	8	Viðhald drifkerfis .....	42
2 Rafgeymirinn tengdur .....	8	Viðhald hjólbarðanna .....	42
3 Vökvastaða og þrýstingur í hjólbörðum könnuð .....	9	Skoðun á stýri og íhlutum fjöðrunar .....	42
4 Hemlar slípaðir .....	9	Stilling framhjóra .....	42
5 Handbók lesin og uppsetningarefni skoðað .....	10	Athugun á hæð vökva í sambyggðum gírkassa og drifi .....	43
Yfirlit yfir vöru .....	11	Skipt um vökva í sambyggðum gírkassa og drifi .....	44
Stjórnþæki .....	12	Athugun og stilling á hlutlausum gír .....	44
Tæknilýsing .....	15	Viðhald aðaldrifskúplingarinnar .....	45
Tengitæki/aukabúnaður .....	15	Dregið úr hámarkshraða .....	46
Fyrir notkun .....	16	Viðhald kælikerfis .....	47
Öryggi fyrir notkun .....	16	Öryggi tengt kælikerfi .....	47
Daglegt viðhald .....	16	Hreinsun á kælisvæðum vélarinnar .....	47
Þrýstingur hjólbarða kannaður .....	16	Viðhald hemla .....	47
Áfylling eldsneytis .....	17	Hemlaskoðun .....	47
Tilkeyrsla nýs vinnubíls .....	17	Handfang stöðuhemils stillt .....	47
Meðan á notkun stendur .....	17	Stilling hemlavíra .....	48
Öryggi við notkun .....	17	Athugun á hæð hemlavökvans .....	48
Notkun pallsins .....	19	Skipt um hemlavökva .....	49
Vélin gangsett .....	21	Viðhald reimar .....	49
Vinnubíllinn stöðvaður .....	21	Skipt um drifreim .....	49
Pallurinn fermdur .....	21	Stilling á reim startara/rafals .....	50
Eftir notkun .....	22	Viðhald undirvagns .....	50
Öryggi eftir notkun .....	22	Stilling á klinkum pallsins .....	50
Vinnubíllinn fluttur .....	22	Þrif .....	51
Vinnubíllinn dreginn .....	23	Vinnubíllinn þrifinn .....	51
Dráttur eftirvagns .....	23	Geymsla .....	51
Viðhald .....	24	Öryggi við geymslu .....	51
Öryggi við viðhaldsvinnu .....	24	Vinnubíllinn settur í geymslu .....	51
Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir .....	24		
Gátlisti fyrir daglegt viðhald .....	26		
Viðhald vinnubílsins við sérstök vinnuskilyrði .....	26		
Undirbúningur fyrir viðhald .....	27		
Undirbúningur vinnubíls fyrir viðhald .....	27		
Vinnuvélinni lyft .....	27		
Vélarhlíf opnuð .....	28		
Smurning .....	28		
Legur framhjóra smurðar .....	28		
Viðhald vélar .....	31		
Vélaröryggi .....	31		
Unnið við loftsíuna .....	31		
Smurolúvinna .....	32		
Viðhald kerta .....	33		
Stilling á hröðum/hægum lausagangi .....	34		
Viðhald eldsneytiskerfis .....	34		
Athugun á eldsneytisleiðslum og tengjum .....	34		
Skipt um eldsneytissíu .....	34		
Kolefnishylkið þjónustað .....	35		
Viðhald rafkerfis .....	39		


# Öryggi

Þessi vinnubíll er hannaður í samræmi við kröfur SAE J2258 (nóv. 2016).

## Almennt öryggi

Þessi vara getur valdið meiðslum á fólki. Fylgið alltaf öryggisleiðbeiningum til að koma í veg fyrir meiðsl á fólki.

- Lesið til hlítar efni þessarar *notendahandbókar* áður en vinnubíllinn er tekinn í notkun. Gangið úr skugga um að allir sem nota vinnubíllinn kunni að nota hann og skilji viðvaranirnar.
- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnubílnum. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða meiðsla eða eignatjóns.
- Ekki setja hendur eða fætur nærri íhlutum á hreyfingu.
- Ekki nota vinnubíllinn án hlífa og annars öryggisbúnaðar á sínum stað á vinnubílnum og í nothæfu ástandi.
- Haldið nærstöddum og börnum utan vinnusvæðisins. Aldrei skal leyfa börnum að vinna á vinnubílnum.
- Stöðvið vinnubíllinn, drepjið á honum og fjarlægjið lykilinn áður en viðhaldi er sinnt eða fyllt er á eldsneyti.

Röng notkun eða viðhald þessarar vinnuvélar getur leitt til meiðsla. Til að draga úr slyshættu skal fara eftir þessum öryggisleiðbeiningum og vera ávallt vakandi fyrir öryggistákninu , sem merkir „Aðgát“, „Viðvörðun“ eða „Hætta“ – öryggisleiðbeiningar. Ef ekki er farið eftir þessum leiðbeiningum er hættu á meiðslum á fólki eða dauða.

# Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar




Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hættu er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



99-7345

decal99-7345


1. Viðvörðun – lesið *notendahandbókina*.
2. Viðvörðun – snertið ekki heita flötinn.
3. Hætta á að flækjast, reim – haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu; tryggð að öryggishlífar séu á sínum stað.
4. Hætta er á að kremjast – notið stífuna til að styðja við pallinn.



115-7739

decal115-7739


1. Fall, hættu á að kremjast – ekki taka farþega.



136-1164

decal136-1164


1. Hámarksþyngd á krók er 45 kg.
2. Hámarksþyngd farms er 363 kg.



99-7952

decal99-7952


- |                |                 |
|----------------|-----------------|
| 1. Innsog      | 3. Hlutlaus gír |
| 2. Aftur á bak | 4. Áfram        |



115-2412

decal115-2412

1. Viðvörðun – lesið *notendahandbókina*; engin geymsla.



145-2269

decal145-2269


1. Slökkt
2. Kveikt
3. Til að gangsetja vélina skal setjast í sæti stjórnanda, taka stöðuhemilinn af, snúa lyklinum í kveikta stöðu, stilla innsogið og stíga á inngjafarfótstigið.
4. Til að drepa á vélinni skal sleppa inngjafarfótstiginu, setja stöðuhemilinn á, snúa lyklinum í slökktu stöðu og taka hann úr.



145-2271

decal145-2271


1. USB-innstunga



decal145-2277

### 145-2277

1. Viðvörðun – lesið *notendahandbókina* og fáið þjálfun áður en unnið er á vinnubílnum.
2. Viðvörðun – notið heyrnarhlífar.
3. Eldhætta – drepið á vélinni áður en eldsneyti er sett á.
4. Hætta á að vinnubíllinn sporðreistist – akið hægt þvert yfir eða upp halla, takið beygjur hægt, akið ekki hraðar en 31 km/klst., akið hægt við farmflutninga eða yfir óslétt yfirborð.
5. Fallhætta; hætta á útlímamissi – akið ekki með farþega á pallinum; akið ekki með þriðja farþega; stingið hvorki höndum né fótum út fyrir vinnuvélina meðan á notkun stendur.
6. Árekstrarhætta – notið ekki vinnuvélina á umferðargötum, vegum eða þjóðvegi.
7. Fallhætta – Ekki leyfa börnum að stjórna vélinni.



decal145-2278

### 145-2278

1. Lesið *notendahandbókina* til að fá upplýsingar um öryggi.
2. Pallyfta (15 A) – aukabúnaður
3. Flauta/USB-innstunga (20 A)
4. Aðalljós (10 A)
5. Öryggi vinnuvélar (10 A)

# Uppsetning

## Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
<b>1</b>	Stýri Lok Skinna (½ to.)	1 1 1	Setja stýrið upp (eingöngu TC-gerðir).
<b>2</b>	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Tengið rafgeyminn (eingöngu TC-gerðir).
<b>3</b>	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Kanna vökvastöðu og þrýsting í hjólbörðum.
<b>4</b>	Engir hlutar nauðsynlegir	–	Slípið (keyrið til) hemlana.
<b>5</b>	Notendahandbók Notendahandbók vélar Skráningarskírteini Fylgiskjal vegna skoðunar fyrir afhendingu Gæðavottorð Hnappur	1 1 1 1 1 2	Lesið notendahandbókina og skoðið allt efni um uppsetningu áður en vélin er notuð.

**Ath.:** Miðið vinstri og hægri hlið vinnubílsins út frá hefðbundinni vinnustöðu.

# 1

## Uppsetning stýris


### Eingöngu TC-gerðir

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Stýri
1	Lok
1	Skinna (½ to.)

## Verklag

1. Ef hlíf hefur verið sett upp skal fjarlægja hana af nöf stýrisins (Mynd 3).
2. Fjarlægið lásróna (½ to.) af stýrisskaftinu (Mynd 3).
3. Rennið stýrinu og skinnunni (½ to.) upp á stýrisskaftið (Mynd 3).
4. Festið stýrið á skaftið með lásrónni (1/2 to.) og herðið hana í 27 til 34 N·m.
5. Setjið hlífina á stýrið (Mynd 3).



Mynd 3

- |                   |                |
|-------------------|----------------|
| 1. Lok            | 4. Stýri       |
| 2. Lásró (½ to.)  | 5. Stýrisskaft |
| 3. Skinna (½ to.) |                |



# 2

## Rafgeymirinn tengdur

### Eingöngu TC-gerðir


Engir hlutar nauðsynlegir

#### Verklag

#### ⚠ VIÐVÖRUN

Rangt lagðir rafgeymiskaplar geta valdið skemmdum á vinnuvélinni og köplunum sem leitt geta til neistaflugs. Neistar geta kveikt í gasi frá rafgeyminum og valdið sprengingu og meiðslum á fólki.

- Aftengið ávallt (svarta) mínuskapal rafgeymisins áður en (rauði) plúskapallinn er aftengdur.
  - Tengjið ávallt (rauða) plúskapal rafgeymisins fyrst.
1. Kreistið rafgeymishlífina saman til að losa um flipana á undirstöðu rafgeymisins (Mynd 4).




Mynd 4

g228188

1. Rafgeymishlíf

2. Fjarlægjið hlíf rafgeymisins af undirstöðu hans (Mynd 4).
3. Tengjið (rauða) plúskapalinn við plússkaut (+) rafgeymisins og festið kapalinn með boltum og róm (Mynd 5).



Mynd 5

g228187

1. Einangrunarhetta (plúskapall rafgeymis)
2. Mínuskapall rafgeymis (svartur)
3. Mínusrafgeymaskaut

4. Setjið einangrunarhettuna yfir plússkautið.

**Ath.:** Einangrunarhettan kemur í veg fyrir mögulegt jarðhlaup.

5. Tengjið (svarta) mínuskapal rafgeymisins við mínusskaut (-) rafgeymisins og festið kapalinn með boltum og róm.
6. Komið rafgeymishlífinni á undirstöðu rafgeymisins (Mynd 4).
7. Kreistið rafgeymishlífina, komið flipunum fyrir á undirstöðu rafgeymisins og sleppið rafgeymishlífinni (Mynd 4).

# 3

## Vökvastaða og þrýstingur í hjólbörðum könnuð

Engir hlutar nauðsynlegir

#### Verklag

1. Kannið stöðu smurolíu áður en og eftir að vélin er gangsett í fyrsta skipti, sjá [Smurolíuhæð könnuð \(síða 32\)](#).
2. Kannið stöðu hemlavökva áður en vélin er gangsett í fyrsta skipti; sjá [Athugun á hæð hemlavökvans \(síða 48\)](#).
3. Kannið vökvastöðu sambyggðs girrkassa og drifs-áður en vélin er gangsett í fyrsta skipti; sjá [Athugun á hæð vökva í sambyggðum girrkassa og drifi \(síða 43\)](#).
4. Kannið loftþrýsting í hjólbörðum; sjá [Þrýstingur hjólbarða kannaður \(síða 16\)](#).

# 4

## Hemlar slípaðir

Engir hlutar nauðsynlegir

### Verklag

Slípið (keyrið til) hemlana fyrir notkun til að tryggja hámarksvirkni hemlakerfisins.

1. Akið vinnubílnum eins hratt og hægt er og hemlið svo hratt án þess að læsa hemlunum.
2. Endurtakið þetta tíu sinnum, með einnar mínútu hléum, til að koma í veg fyrir að hemlarnir ofhitni.

**Mikilvægt:** Þetta ferli skilar bestum árangri ef vinnubíllinn ber 227 kg farm.

# 5

## Handbók lesin og uppsetningarefni skoðað


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	<i>Notendahandbók</i>
1	Notendahandbók vélar
1	Skráningarskírteini
1	<i>Fylgiskjal vegna skoðunar fyrir afhendingu</i>
1	Gæðavottorð
2	Hnappur

### Verklag

- Lesið *notendahandbókina* og eigendahandbók vélarinnar.
- Fyllið út skráningarskírteinið.
- Ljúkið við *fylgiskjal vegna skoðunar fyrir afhendingu*.
- Farið yfir *gæðavottorðið*.

# Yfirlit yfir vöru



G033215

g033215


**Mynd 6**

- |                     |                  |                  |              |
|---------------------|------------------|------------------|--------------|
| 1. Vélarhlífarloka  | 3. Farpallur     | 5. Gírstöng      | 7. Pallstöng |
| 2. Stöðuhemilsstöng | 4. Dráttarbeisli | 6. Eldsneytislok |              |

# Stjórnþæki

Lærið á stjórnþækin áður en vélin er gangsett og unnið er á vinnubílnum.

## Stjórnborð



Mynd 7

g382793

- |                         |                     |
|-------------------------|---------------------|
| 1. Flauturofi           | 6. USB-innstunga    |
| 2. Ljósarofi            | 7. Stöðuhemilsstöng |
| 3. Vinnustundamælir     | 8. Inngjafarfótstig |
| 4. Smurolúprýstingsljós | 9. Hemlafótstig     |
| 5. Sviss                |                     |

## Inngjafarfótstig

Notið inngjafarfótstigið ([Mynd 7](#)) til að stjórna aksturshraða vinnubílsins. Vélin er ræst með því að ýta inngjafarfótstiginu niður. Aksturshraði er aukinn með því að ýta fótstiginu lengra niður. Hægt er á vinnubílnum og því næst dreypt á honum með því að sleppa fótstiginu.

**Ath.:** Hámarkshraði áfram er 26 km/klst.

## Hemlafótstig

Notið hemlafótstigið til að stöðva eða hægja á vinnubílnum ([Mynd 7](#)).

## ⚠ VARÚÐ

Hætta er á að meiðslum á fólki ef unnið er á vinnubílnum með slitna eða rangt stillta hemla.


Ef hægt er að stíga hemlafótstigið neðar en 25 mm frá gólfi vinnubílsins þarf að stilla eða gera við hemlana.

## Stöðuhemilsstöng

Stöðuhemilsstöngin er á milli sætanna ([Mynd 6](#) og [Mynd 7](#)). Setjið alltaf stöðuhemilinn á þegar dreypt er á vélinni til að koma í veg fyrir að vinnubíllinn hreyfist úr stað fyrir slysi. Togið stöðuhemilsstöngina aftur til að setja stöðuhemilinn á. Ýtið stöðuhemilsstönginni niður til að taka stöðuhemilinn af.

## Innsog

Innsogið er hægra megin undir sæti stjórnanda. Notið innsogið til að auðvelda ræsingu á kaldri vél, með því að toga innsogsstýringuna út á við ([Mynd 8](#)). Þegar vélin er komin í gang er innsogið stillt af til að tryggja mjúkan gang. Þegar vélin fer að hitna er innsogsstýringunni ýtt í SLÖKKTA stöðu.



Mynd 8

1. Gírstöng

2. Innsog

## Gírstöng

Gírstöngin er á milli sætanna og fyrir neðan stöðuhemilsstöngina. Gírstöngin hefur þrjár stöður: FRAMGÍR, BAKKGÍR og HLUTLAUSAN GÍR ([Mynd 8](#)).

**Ath.:** Hægt er að ræsa vélina og láta hana í hvaða stöðu sem er af þessum þremur.

**Mikilvægt:** Ævinlega skal láta vinnubílinn nema staðar áður en skipt er um gír.

## Flauturofi

Flauturofinn er á stjórnborðinu ([Mynd 7](#)). Ýtið á flauturofanum til að flauta.

## Sviss

Svissinn er staðsettur í neðra hægra horni mælaborðsins ([Mynd 7](#)).

Svissinn býður upp á þrjár stöður: AF, Á og GANGSETNING.

Hægt er að ræsa bílinn á tvo vegu. Frekari upplýsingar eru í [Vélin gangsett \(síða 21\)](#).

## Ljósarofi

Notið ljósarofann ([Mynd 7](#)) til að kveikja á aðalljósunum. Ýtið ljósarofanum upp til að kveikja á aðalljósunum. Ýtið ljósarofanum niður til að slökka á aðalljósunum.

## Vinnustundamælir

Vinnustundamælirinn sýnir heildarfjölda vinnustunda. Vinnustundamælirinn ([Mynd 7](#)) byrjar að telja í hvert sinn sem svissinum er snúið á GANGSTÖÐU eða þegar vélin er í gangi.

## Smurolíuþrýstingsljós

Smurolíuþrýstingsljósið ([Mynd 7](#)) lætur vita ef smurolíuþrýstingurinn fer undir örugg mörk fyrir notkun vélarinnar. Ef það kviknar á ljósinu og það logar stöðugt skal drepa á vélinni og athuga smurolíuhæðina. Setjið olíu á vélina ef þörf krefur; sjá [Smurolíuvinna \(síða 32\)](#).

**Ath.:** Olíuljósið kann að flökta; þetta er eðlilegt og ekki er þörf á neinum aðgerðum.


## USB-innstunga

Notið USB-innstunguna ([Mynd 7](#)) sem aflagjafa fyrir fartæki.

**Mikilvægt:** Þegar USB-innstungan er ekki í notkun skal setja gúmmíhlíf yfir hana til að hindra að innstungan verði fyrir skemmdum.

## Eldsneytismælir

Eldsneytismælirinn ([Mynd 9](#)) er á eldsneytisgeyminum næst áfyllingarlokinu á vinstri hlið vinnubílsins. Mælirinn sýnir magn eldsneytis í geyminum.




**Mynd 9**

g008398

- |           |                    |
|-----------|--------------------|
| 1. Tómur  | 4. Eldsneytismælir |
| 2. Fullur | 5. Eldsneytislok   |
| 3. Vísir  |                    |

## Handföng fyrir farþega

Handföng fyrir farþega eru hægra megin við mælaborðið og utan á báðum sætunum ([Mynd 10](#)).



**Mynd 10**

g009193

- |                          |                           |
|--------------------------|---------------------------|
| 1. Handfang – sætisarmur | 2. Handfang fyrir farþega |
|--------------------------|---------------------------|

# Tæknilýsing

**Ath.:** Tæknilýsingar og hönnun geta breyst án fyrirvara.

Grunnþyngd	Purrvigt 544 kg
Uppgefin afkastageta (á sléttu undirlagi)	Samtals 749 kg, þ. á .m. 90,7 kg stjórnandi, hleðsla, þyngd eftirvagns á krók, brúttóþyngd eftirvagns, aukabúnaður og tengitæki
Hámarksheildarþyngd ökutækisins (GVW) – á sléttu undirlagi	1292 kg samtals, að öllum þyngdum hér á undan meðtöldum
Hámarks burðargeta fyrir farm (á sléttu undirlagi)	Samtals 567 kg, þ. á .m. þyngd eftirvagns á krók og brúttóþyngd eftirvagns
Dráttargeta:	
Staðlaður tengibúnaður	Þyngd á krók: 45 kg Hámarksheildarþyngd eftirvagns (GTW): 363 kg
Álagsþolinn tengibúnaður	Þyngd á krók: 45 kg Hámarksheildarþyngd eftirvagns (GTW): 544 kg
Heildarbreidd	150 cm
Heildarlengd	303 cm
Fríbil frá jörðu	25 cm að framan án hleðslu eða stjórnaða, 18 cm að aftan án hleðslu eða stjórnaða
Hjólhaf	206 cm
Sporvídd (miðlína að miðlínu)	125 cm að framan, 120 cm að aftan
Lengd palls	117 cm innan, 133 cm utan
Breidd palls	125 cm að innanverðu, 150 cm á formmótuðu stuðrunum að utanverðu
Hæð palls	25 cm

## Tengitæki/aukabúnaður

Úrval tengitækja og aukabúnaðar sem Toro samþykkir er í boði fyrir vinnuvélina til að auka við afkastagetu hennar. Hafið samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða dreifingaraðila Toro eða farið á [www.Toro.com](http://www.Toro.com) þar sem finna má lista yfir öll samþykkt tengitæki og aukabúnað.

Notið eingöngu varahluti og aukabúnað frá Toro til að tryggja hámarksafköst og áframhaldandi öryggisvottun vinnuvélarinnar. Varahlutir og aukabúnaður frá öðrum framleiðendum geta reynst hættulegir og notkun þeirra kann að fella ábyrgðina úr gildi.

# Notkun

**Ath.:** Miðað vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

## Fyrir notkun

## Öryggi fyrir notkun

### Almennt öryggi

- Aldrei leyfa börnum eða fólki, sem ekki hefur til þess þjálfun eða líkamlega getu, að vinna á eða við vinnubílinn. Gildandi reglur á hverjum stað kunna að setja takmörk við aldur stjórnanda. Eigandinn ber ábyrgð á að þjálfa stjórnendur og vélvirkja.
- Kynnið ykkur örugga notkun búnaðarins, stjórnstækjanna og öryggismerkinganna.
- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr ökumannssætinu. Leyfið vinnubílnum að kólna áður en hann er stilltur, þjónustaður, þrífinn eða settur í geymslu.
- Lærið að stöðva vinnubílinn og drepa á honum á skjóttan máta.
- Tryggið að farþegar (stjórnandi og farþegi) séu ekki fleiri en handföngin á vinnubílnum.
- Gangið úr skugga um að allur öryggisbúnaður og merkingar séu á sínum stað. Gerið við eða skiptið um öryggisbúnað og setjið nýjar merkingar í stað þeirra sem eru ólæsilegar eða vantar. Ekki nota vinnubílinn ef þessir hlutir eru ekki til staðar eða virka ekki rétt.

## Öryggi í kringum eldsneyti

- Gætið ýtrustu varúðar við meðhöndlun eldsneytis. Það er mjög eldfimt og eldsneytisgufur eru sprengifimar.
- Drepið í sígarettum, vindlum, pípum og öðrum kveikjuöldum.
- Notið eingöngu samþykkt eldsneytisílát.
- Ekki fjarlægja eldsneytislokið eða fylla á eldsneytisgeyminn með vélina í gangi eða á meðan hún er heit.
- Fyllið hvorki á né tappið af eldsneyti í lokuðu rými.
- Geymið ekki vinnubílinn eða eldsneytisílát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.
- Ef eldsneyti hellist niður skal ekki reyna að gangsetja vélina og forðast að kveikja minnsta neista þar til eldsneytisgufurnar hafa dreifst.

# Daglegt viðhald

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega

Fara skal í gegnum ferli fyrir hverja notkun/daglegt ferli sem lýst er í **Viðhald (síða 24)** áður en unnið er á vinnubílnum í upphafi hvers dags.

## Þrýstingur hjólbarða kannaður

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega

**Tilgreindur loftþrýstingur í hjólbörðum:** 0,55 til 1,03 bar

**Mikilvægt:** Farið ekki yfir hámarksþrýstinginn sem tilgreindur er á annarri hlið hjólbarðans.


**Ath.:** Áskilinn loftþrýstingur í hjólbörðum ræðst af farmþunganum sem bílnum er ætlað að bera.

1. Kannið loftþrýsting í hjólbörðum.

**Ath.:** Loftþrýstingur í fram- og afturhjólbörðum á að vera 0,55 til 1,03 bar.

- Notið lægri loftþrýsting í hjólbörðum þegar farmþungi er minni, til að minka þjöppun jarðvegar, gera aksturinn jafnari og lágmarka hjólfaramyndun.
- Notið hærri loftþrýsting í hjólbörðum þegar ekið er með meiri farmþunga á meiri hraða.

2. Stillið loftþrýsting í hjólbörðunum, ef þörf krefur, með því að bæta við eða tappa af lofti í hjólbörðunum.



G001055

Mynd 11

g001055



# Áfylling eldsneytis


## Ráðlagt eldsneyti:

- Best er að nota eingöngu hreint og nýtt (ekki yfir 30 daga gamalt) blýlaust bensín með oktantölu upp á 87 eða hærrí (flokkunaraðferð (R+M)/2).
- **Etanól:** Hægt er að nota bensín með allt að 10% etanóli (blýlaust bensín+etanól) eða 15% MTBE (metýltertbutýleter). Etanól og MTBE eru ekki eins. Ekki má nota bensín með 15% etanóli (E15). **Aldrei nota bensín sem inniheldur meira en 10% etanól, svo sem E15 (15% etanólinnihald), E20 (20% etanólinnihald) eða E85 (allt að 85% etanólinnihald).** Notkun bensíns sem ekki hefur verið samþykkt getur valdið neikvæðum áhrifum á afköst og/eða skemmdum á vél sem ekki falla undir ábyrgð.
- **Ekki** nota bensín sem inniheldur metanól.
- **Ekki** geyma bensín í eldsneytisgeyminum eða eldsneytisílátum yfir vetrartímamann nema notað sé varðveisluefni fyrir eldsneyti.
- **Ekki** blanda olíu saman við bensín.

## Áfylling á eldsneytisgeyminn

Rúmtak eldsneytisgeymis er um það bil 26,5 l.

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Hreinsið svæðið í kringum eldsneytislokið ([Mynd 12](#)).



Mynd 12

- |           |                    |
|-----------|--------------------|
| 1. Tómur  | 4. Eldsneytismælir |
| 2. Fullur | 5. Eldsneytislok   |
| 3. Vísir  |                    |

5. Skrúfið eldsneytislokið af.

6. Fyllið geyminn þar til eldsneytisyfirborðið er um 25 mm frá efsta hluta geymisins (neðri brún áfyllingarstútsins).

**Ath.:** Þetta býður upp á útpenslurými fyrir eldsneytið. **Ekki yfirfylla eldsneytisgeyminn.**

7. Festið eldsneytislokið tryggilega á.
8. Þurrkið upp eldsneyti sem hellist niður.

## Tilkeyrsla nýs vinnubíls

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 100 klukkustundirnar—Fylgið leiðbeiningum um tilkeyrslu nýs vinnubíls.

Framkvæmið eftirfarandi til að tryggja rétt afköst vinnubílsins.

- Tryggið að hendlarnir séu slípaðir; sjá [4 Hemlar slípaðir \(síða 9\)](#).
- Kannið glussa- og smurolíuhæð með reglulegu millibili. Verið vakandi fyrir merkjum um að vinnubíllinn eða íhlutir hans séu að ofhitna.
- Eftir að köld vél er gangsett skal gefa henni um 15 sekúndur til að hitna áður en byrjað er að vinna á vinnubílnum.

**Ath.:** Gefið vélinni lengri tíma til að hitna þegar kalt er í veðri.

- Akið vinnubílnum á breytilegum hraða við notkun. Forðist að taka hratt af stað og stöðva snögglega.
- Ekki þarf að nota tilkeyrsluolíu á vinnubíllinn. Upprunaleg smurolía er sömu gerðar og tilgreind er fyrir regluleg olíuskipti.
- Upplýsingar um sérstakar, tíðar skoðanir eru í [Viðhald \(síða 24\)](#).
- Kannið staðsetningu fjöðruna að framan og leiðréttið hana ef þörf krefur. Sjá nánar í [Stilling framhjóla \(síða 42\)](#).

## Meðan á notkun stendur

### Öryggi við notkun

#### Almennt öryggi

- Eigandinn/stjórnandinn getur komið í veg fyrir og ber ábyrgð á slysum sem geta valdið meiðslum á fólki eða eignatjóni.
- Farþegar mega eingöngu sitja í þar til ætluðu sæti. Flytjið ekki farþega á pallinum. Haldið nærstöddum og börnum utan vinnusvæðisins.
- Klæðist viðeigandi klæðnaði, þar á meðal hlífðarglæraugum, síðbuxum, sterkum skófatnaði með skrikvörn og heyrnarhlífum. Takið sítt hár í

tagl og ekki klæðast víðum fatnaði eða hangandi skartgripum.

- Sýnið árvekni á meðan unnið er á vinnubílnum. Ekki gera neitt sem veldur truflun; slíkt kann að leiða meiðsla eða eignatjóns.
- Notið ekki vinnubílinn veik, þreytt eða undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
- Notið vinnubílinn eingöngu utandyra eða á vel loftræstu svæði.
- Ekki fara yfir hámarksheildarþyngd vinnubílsins.
- Sýnið sérstaka aðgát við að hemla eða beygja með þungan farm á pallinum.
- Mjög fyrirferðarmikill farmur á pallinum dregur úr stöðugleika vinnubílsins. Ekki fara umfram burðargetu pallsins.
- Akstur með efni sem ekki er hægt binda niður hefur neikvæð áhrif á stýringu, hemla og stöðugleika vinnubílsins. Sýnið aðgát við stýringu og hemlun þegar ekið er með efni sem ekki er hægt að binda niður.
- Akið með léttari farm og á minni hraða þegar ekið er yfir gróft og ójafnt undirlag og nærri köntum, holum og öðrum miklum breytingum á undirlagi. Farmur getur hreyfst til og valdið því að vinnubíllinn verður óstöðugur.
- Áður en vinnubíllinn er gangsettur þarf að tryggja að gírskiptingin sé í hlutlausum gír, stöðuhemillinn sé á og að stjórnandinn sitji í sætinu.
- Stjórnandi og farþegar skulu sitja í sæti sínu þegar vinnubíllinn er á ferð. Haldið höndum á stýri; farþegar skulu nota þar til gerð handföng. Haldið handleggjum og fótleggjum öllum stundum innan bíls.
- Vinnið eingöngu á vinnubílnum með góða yfirsýn. Verið vakandi fyrir holum, skorningum, ójöfnum, grjóti eða öðrum huldum hlutum. Óslétt undirlag getur valdið því að vinnubíllinn velti. Hátt gras getur hulið hindranir. Sýnið aðgát þegar komið er að blindhornum, runnum, trjám eða öðrum hlutum sem kunna að takmarka útsýnið.
- Ekki aka vinnubílnum nálægt háum bökkum, skurðum og vegköntum. Vinnubíllinn getur oltið mjög skyndilega ef hjól fer fram af brúninni eða bakkinn gefur eftir.
- Verið alltaf vakandi fyrir og forðist hindranir fyrir ofan bílinn, svo sem trjágreinir, dyrastafi, göngubrýr o.s.frv.
- Lítið aftur fyrir og niður áður en bakkað er til að tryggja að leiðin sé greið.
- Þegar vinnubílnum er ekið á vegum skal fylgja umferðarreglum og nota allan viðbótarbúnað sem lög kunna að krefjast, svo sem ljós, stefnuljós, merki um hægfara ökutæki og annað sem krafist ef.

- Ef vinnubíllinn titrar óeðlilega mikið skal stöðva vinnubílinn og drepa á honum tafarlaust. Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast og leitið eftir skemmdum. Gerið við skemmdir áður en vinna hefst.
- Stöðvunartími vinnubílsins kann að vera lengri á blautu undirlagi en á þurru undirlagi. Hægt er að þurrka blauta hemla með því að aka hægt á jafnsléttu um leið og stigið er létt á hemlafótstigið.
- Við nauðhemplun á miklum hraða er hættu á að afturdekkinn læsist. Slíkt skerðir stjórn á vinnubílnum.
- Ekki snerta vélina, gírskiptinguna, hljóðkútinn eða útblástursgreininna á meðan vélina er í gangi eða stuttu eftir að drepið er á vélinni þar sem hitastig þessara svæða getur valdið brunasárum.
- Ekki skilja vinnubílinn eftir í gangi.
- Áður en svæði stjórnanda er yfirgefið skal gera eftirfarandi:
  - Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
  - Setjið gírskiptinguna í HLUCLAUSAN GÍR.
  - Setjið stöðuhemilinn á.
  - Drepið á vinnuvélinni og takið lykilinn úr.
  - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
- Ekki nota vinnubílinn þegar hættu er á eldingum.
- Notið eingöngu aukabúnað og tengitæki sem samþykktur er af Toro® Company.

## Öryggi í halla

**Ath.:** Veltigrind með tveimur stoðum er í boði sem aukabúnaður fyrir þennan vinnubíl. Notið veltigrind ef vinna á nærri þverhnípi, vatni, á ósléttri jörð eða í brekku, þar sem hættu er á veltu. Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro til að fá frekari upplýsingar.

Brekkur valda mikilli hættu á stjórnmissi eða veltu sem leitt getur til alvarlegra meiðsla eða dauða.

- Skoðið vinnusvæðið til að ákvarða í hvaða brekkum er hægt að vinna á vinnubílnum og skipuleggið verklag og reglur fyrir vinnu í þeim brekkum. Beitið almennu hyggjuviti og sýnið góða dómgreind við þessa skoðun.
- Ef stjórnanda finnst óþægilegt að vinna á vinnubílnum í halla skal viðkomandi sleppa því.
- Tryggið að allar hreyfingar í halla séu hægar og jafnar. Breytið hvorki hraða né stefnu vinnubílsins skyndilega.
- Forðist að aka vinnubílnum á blautu undirlagi. Hjólbarðar kunna að missa grip. Velta getur átt sér stað áður en hjólbarðar missa grip.
- Akið beint upp og niður halla.

- Ef vinnubíllinn byrjar að missa hraða á leið upp halla skal stíga hægt á hemlana og bakka svo rólega beint niður hallann.
- Hættulegt getur verið að beygja þegar ekið er upp eða niður halla. Ef nauðsynlegt reynist að beygja í halla þarf að gera það rólega og sýna mikla aðgát.
- Þungur farmur getur haft áhrif á stöðugleika í halla. Akið með léttari farm og hægjar þegar ekið er í halla eða þegar þungamiðja farmsins er há. Festið farminn á pallinn til að koma í veg fyrir að hann hreyfist til. Sýnið sérstaka aðgát við flutning farms sem hreyfist auðveldlega til (t.d. vökva, grjót, sand o.s.frv).
- Forðist að taka af stað, stöðva eða beygja í halla, sérstaklega með farm. Lengri tíma tekur að stöðva vinnubíllinn þegar ekið er niður halla en þegar stöðvað er á jafnsléttu. Ef stöðva þarf vinnubíllinn skal forðast skyndilegar hraðabreytingar. Þær geta valdið hættu á veltu. Ekki hemla skyndilega þegar bíllinn rennur aftur á bak þar sem það veldur hættu á að hann velti aftur fyrir sig.

## Öryggi við hleðslu og losun

- Ekki skal fara yfir hámarksheildarþyngd vinnubílsins þegar farmur er á pallinum og/eða verið er að draga eftirvagn; sjá [Tæknilýsing \(síða 15\)](#).
- Dreifið farmi jafnt um pallinn til að auka stöðugleika og stjórn vinnubílsins.
- Áður en losað er skal ganga úr skugga um að enginn sé fyrir aftan vinnubíllinn.
- Ekki losa farm af palli á meðan vinnubíllinn stendur þversum í halla. Breytingar á þyngdardreifingu geta skapað hættu á veltu.

## Notkun pallsins

### Pallinum lyft

#### ⚠ VIÐVÖRUN

Pallur í hæstu stöðu getur dottið niður og valdið meiðslum á fólki sem vinnur undir honum.

- Notið ávallt stífu til að halda pallinum uppi þegar unnið er undir honum.
- Fjarlægjið allt efni af pallinum áður en honum er lyft.

#### ⚠ VIÐVÖRUN

Hætta er á veltu ef ekið er með pallinn uppi. Hætta er á að pallurinn skemmist ef ekið er með hann uppi.


- Akið vinnubílnum með pallinn niðri.
- Látið pallinn síga eftir að hann hefur verið tæmdur.

#### ⚠ VARÚÐ

Ef farmur er aftarlega á pallinum þegar klinkurnar eru losaðar er hættu á að pallurinn sturti óvænt og valdi meiðslum á nærstöddum.

- Reynið að hafa farm á miðjum pallinum, ef því er við komið.
- Haldið pallinum niðri og tryggjið að enginn halli sér yfir pallinn eða standi fyrir aftan hann þegar klinkurnar eru losaðar.
- Fjarlægjið allan farm af pallinum áður en honum er lyft vegna viðhaldsvinnu.


1. Lyftið stönginni á annarri hlið pallsins og lyftið pallinum upp ([Mynd 13](#)).



Mynd 13

1. Stöng
2. Stífa
3. Rauf fyrir haldstöðu

2. Togið stífuna í rauf fyrir haldstöðu til að festa pallinn ([Mynd 14](#)).



Mynd 14

1. Rauf fyrir haldstöðu
2. Stífa

## Pallurinn látinn síga

### ⚠ VIÐVÖRUN


Pallurinn getur verið þungur. Hendur og aðrir líkamshlutar geta kramist.

Haldið höndum og öðrum líkamshlutum í öruggri fjarlægð þegar pallurinn er látinn síga niður.

1. Lyftið pallinum svolítið með því að lyfta klinkuhandfanginu upp (Mynd 13).
2. Togið stífuna út úr rauf fyrir haldstöðu (Mynd 14).
3. Lækkið pallinn þar til klinkan læsist í stöðu (Mynd 14).

## Afturhlerinn opnaður

1. Tryggið að pallurinn sé í neðstu stöðu og festur.
2. Notið handföngin til að lyfta upp afturhleranum (Mynd 15).




Mynd 15

1. Kragi afturhlera (á palli)
  2. Láskragi (á afturhlera)
  3. Lyftið upp (handfang)
  4. Snúið aftur á bak og niður
3. Komið láskrögum afturhlerans fyrir í raufunum á milli kraga afturhlerans á pallinum (Mynd 15).
  4. Snúðu afturhleranum aftur á bak og niður (Mynd 15).

## Afturhlera lokað

Ef verið var að afferma laust efni, svo sem sand, hleðslusteina eða viðarkurl, af palli vinnubílsins er hugsanlegt að eitthvað af því efni hafi safnast fyrir á svæðinu í kringum lamir afturhlerans. Áður en afturhleranum er lokað skal gera eftirfarandi.

1. Notið hendurnar til að fjarlægja sem allra mest af lausu efni af svæðinu í kringum lamirnar.
2. Snúið afturhleranum í um það bil 45° horn (Mynd 16).



Mynd 16

1. Snúið afturhleranum í um það bil 45° horn.
2. Snúið afturhleranum fram og til baka nokkrum sinnum.

3. Snúið afturhleranum fram og til baka nokkrum sinnum með stuttum hristihreyfingum (Mynd 16).

**Ath.:** Við það losnar efnið sem kann að hafa safnast fyrir á svæðinu í kringum lamirnar.

4. Látið afturhlerann síga og kannið hvort eitthvað laust efni er enn á svæðinu í kringum lamirnar.
5. Endurtakið skref 1 til og með 4 þar til allt efni hefur verið fjarlæggt af svæðinu í kringum lamirnar.
6. Snúið afturhleranum upp og fram á við þar til láskragar afturhlerans flúttu við vasa afturhlerans á pallinum (Mynd 15).

**Ath.:** Lyftið eða látið afturhlerann síga til að láskragarnir passi í lóðréttar raufarnar á milli kruga afturhlerans og pallsins.

7. Látið afturhlerann síga þar til hann fellur við afturhluta pallsins (Mynd 15).

**Ath.:** Láskragar afturhlerans eru kyrfilega festir við kruga afturhlerans á pallinum.

## Vélin gangsett

1. Sitjið í sæti stjórnanda, setjið lykilinn í svissinn og snúið lyklinum í KVEIKTA stöðu eða GANGSETNINGARSTÖÐU.

Hægt er að gangsetja bílinn á tvenna vegu:

- **Gangsetning með fótstigi** – svissið Á og stígið inngjafarfótstigið niður.

**Ath.:** Þegar fóturinn er tekinn af inngjafarfótstiginu drepst á vélinni.

- **Ræsing með lykli** – snúið svissinum í GANGSETNINGARSTÖÐU og þá verður vélin í gangi þar til lyklinum er snúið í SLÖKKTA stöðu.

**Ath.:** Þegar ræsing með lykli er notuð er hægt að setja stöðuhemilinn á og vinna fjarri vinnubílum á meðan vélin er enn í gangi og hleðsla er á rafhlöðu.

**Ath.:** Ef lyklinum er snúið í KVEIKTA stöðu hefst gangsetning vélar, sem lýkur með ræsingu. Ef gangsetning vélar stendur yfir lengur en 10 sekúndur skal fara aftur í SLÖKKTA stöðu og finna orsök vandans (t.d. þarf hugsanlega að kveikja á innosginu, kanna hvort lofthreinsarinn er stíflaður, ganga úr skugga um að eldsneytisgeymir sé fullur, kanna hvort glóðarkerti sé bilað, o.s.frv.) áður en vinnubíllinn er gangsettur aftur.

**Ath.:** Ef vinnubíllinn er búinn valfrjáls varaviðvörðunarkerfi heyrir hljóðmerki sem varar stjórnanda við því að vinnubíllinn sé í bakkgrí þegar valrofi fyrir gírskipti er færður í BAKKSTÖÐU á meðan svissinn er í KVEIKTRI stöðu eða GANGSETNINGARSTÖÐU.

2. Færið valrofa gírskiptingar á æskilega akstursstefnu fyrir vinnubílinn.
3. Takið stöðuhemilinn af.
4. Stígið hægt á inngjafarfótstigið.

**Ath.:** Ef vélin er köld skal ýta á inngjafarfótstigið og halda því niðri um það bil hálfá leið og toga innsogshnappinn út í KVEIKTA stöðu. Setjið hnappinn aftur í SLÖKKTA stöðu þegar vélin hefur hitnað.

## Vinnubíllinn stöðvaður

**Mikilvægt:** Þegar vinnubíllinn er stöðvaður í halla skal nota aksturshemilana til að stöðva vinnubílinn og setja svo stöðuhemilinn á til að halda vinnubílum kyrrum. Ef inngjöfin er notuð til að stöðva vinnubílinn í brekku getur það skemmt bílinn.

1. Takið fótinn af inngjafarfótstiginu.
2. Stígið hemlafótstigið hægt niður til að setja aksturshemilinn á þar til vinnubíllinn hefur stöðvast alveg.

**Ath.:** Hemlunarfarlægðin getur verið mismörg, allt eftir farmþunga og hraða.

## Pallurinn fermdur

Fylgið eftirfarandi leiðbeiningum við fermingu palls og notkun vinnubílsins:

- Takið mið af burðargetu vinnubílsins og takmarkið þyngd farms á pallinum í samræmi við það sem

tilgreint er á [Tæknilýsing \(síða 15\)](#) og á merkimiða fyrir heildarþyngd vinnubílsins.

**Ath.:** Tilgreind hámarksþyngd farms á aðeins við fyrir notkun á sléttu yfirborði.

- Þegar vinnubíllinn er notaður á hæðóttu og ósléttu yfirborði þarf að minnka farmþyngdina á pallinum.
- Þegar vinnubíllinn er notaður til að ferja háreist efni (með hárrí þyngdarmiðju), svo sem múrsteinsstafla, palla- og girðingaefni eða áburðarpoka, þarf að minnka farmþyngdina á pallinum. Dreifið úr farminum til að lækka hann sem mest og gætið þess að farmurinn skerði ekki útsýnið aftur fyrir vinnubíllinn við notkun.
- Miðjustillið farminn á pallinum sem hér segir:
  - Dreifið þyngd farmsins jafnt á pallinum, frá einni hlið til annarar.

**Mikilvægt:** Ef þyngd farms á pallinum er öll öðrum megin er aukin hættu á að vinnubílnum hvolfi.

- Dreifið farminum á pallinum jafnt frá framhlið af afturhlið.

**Mikilvægt:** Ef þyngd farms er mest fyrir aftan afturöxulinn er aukin hættu á að stjórnandi missi stjórn á vinnubílnum eða bílnum hvolfi, auk þess sem grip á framhjólborðum verður minna.

- Sýnið sérstaka aðgát þegar farmur sem inniheldur mjög stóra hluti er fluttur á pallinum, sérstaklega.
- Þegar þess er kostur skal alltaf festa farminn tryggilega með ólum við pallinn, til að forðast að hann færast til.
- Við flutninga á vökva skal sýna aðgát þegar vinnubílnum er ekið upp eða niður brekku, við skyndilegar hraðabreytingar eða við stöðvun, eða þegar ekið er yfir ójafnt yfirborð.

Afkastageta pallsins er 0,37 m<sup>3</sup>. Magn (rúmtak) efnis sem setja má á pallinn án þess að fara yfir uppgefna burðargetu vinnubílsins getur verið mjög mismunandi, allt eftir eðlismassa efnisins.

Upplýsingar um hámark mismunandi efna er að finna á eftirfarandi töflu:

Efni	Eðlismassi	Hámarksburðargeta palls (á sléttu undirlagi)
Möl, þurr	1522 kg/m <sup>3</sup>	Fullur
Möl, blaut	1922 kg/m <sup>3</sup>	Fyllt að ¾
Sandur, þurr	1442 kg/m <sup>3</sup>	Fullur
Sandur, blautur	1922 kg/m <sup>3</sup>	Fyllt að ¾
Timbur	721 kg/m <sup>3</sup>	Fullur

Börkur	<721 kg/m <sup>3</sup>	Fullur
Mold, þjöppuð	1602 kg/m <sup>3</sup>	Fyllt að ¾ (um það bil)

## Eftir notkun

## Öryggi eftir notkun

### Almennt öryggi


- Áður en svæði stjórnanda er yfirgefið skal gera eftirfarandi:
  - Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
  - Setjið gírskiptinguna í HLUCLAUSAN GÍR.
  - Setjið stöðuhemilinn á.
  - Drepið á vinnuvélinni og takið lykilinn úr.
  - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
- Leyfið vinnubílnum að kólna áður en hann er stilltur, þjónustaður, þrífinn eða settur í geymslu.
- Geymið ekki vinnubíllinn nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.
- Haldið öllum hlutum vinnubílsins í góðu ásigkomulagi og tryggjið að vélbúnaður sé vel hertur.
- Haldið sætisbeltum við og þrífið eftir þörfum.
- Skiptið um slitnar eða skemmdar merkingar og setjið nýjar í stað merkinga sem vantar.

## Vinnubíllinn fluttur

- Sýnið aðgát þegar vinnubíllinn er settur á eða tekinn af eftirvagni eða palli.
- Notið skábrautir í fullri breidd við að aka honum á eftirvagn eða palla.
- Festið vinnubíllinn tryggilega.


Frekari upplýsingar um festingarstaði á vinnubílnum er að finna á [Mynd 17](#) [Mynd 18](#).

**Ath.:** Akið vinnubílnum á eftirvagn þannig að framhluti hans snúi fram. Ef það er ekki hægt skal binda vélarhlífina fasta við grindina með stroffu eða taka hana af og flytja og festa aðskilið. Að öðrum kosti er hættu á að vélarhlífin fjúki af við flutninga.



Mynd 17

1. Dráttarbeisli og festipunktur (framlið bílsins)



Mynd 18

1. Festipunktur að aftan

3. Setjið gírskiptinguna í HLUTLAUSAN GÍR og takið stöðuhemilinn af.

## Dráttur eftirvagns

Þessi vinnubíll getur dregið eftirvagna. Dráttarkrökur er í boði fyrir vinnubílinn. Frekari upplýsingar fást hjá viðurkenndum þjónustu- og söluaðila.

Ekki ofhlaða vinnubílinn eða eftirvagninn þegar ekið er með farm eða eftirvagn (tengitæki) í eftirdragi. Ef vinnubílinn eða eftirvagninn er ofhlaðinn getur það leitt til skertra afkasta eða skemmda á hemlum, öxli, vél, sambyggðum gírkassa og drifi, stýri, fjöðrun, undirvagni eða hjólbörðum.

Hlaðið eftirvagn alltaf þannig að 60% farmsins liggja á framhluta eftirvagnsins. Þetta veltir um 10% af heildarþyngd eftirvagnsins yfir á dráttarkrök vinnubílsins.

Til að tryggja viðunandi hemlun og grip skal alltaf ferma pallinn þegar eftirvagn er í notkun. Ekki skal fara yfir heildarþyngdarmörk fyrir pall og eftirvagn.

Forðist að leggja vinnubíl með eftirvagni í brekku. Ef ekki verður hjá því komist að leggja í brekku skal setja stöðuhemilinn á og skorða hjólbörða eftirvagnsins.

## Vinnubíllinn dreginn

Í neyðartilvikum er hægt að draga vinnubílinn stuttar vegalengdir; þetta er hins vegar ekki hefðbundin notkun.

### ⚠ VIÐVÖRUN

**Hætta er á stjórnmissi þegar dregið er á of miklum hraða. Slíkt getur leitt til meiðsla á fólki.**

**Aldrei draga vinnubíl hraðar en 8 km/klst.**

Dráttur vinnubílsins krefst aðkomu tveggja einstaklinga. Ef flytja þarf vinnubílinn um langan veg skal nota vörubíl eða eftirvagn. Sjá nánur í [Dráttur eftirvagns \(síða 23\)](#)

1. Fjarlægið drifreimina úr vinnubílnum. Frekari upplýsingar eru í [Skipt um reim \(síða 49\)](#).
2. Festið dráttartaug í beislið framan á grind vinnubílsins ([Mynd 17](#)).

# Viðhald

**Ath.:** Miðað vinstri og hægri hlið vinnubílsins út frá hefðbundinni vinnustöðu.

## Öryggi við viðhaldsvinnu

- Ekki leyfa óþjálfuðu starfsfólki að þjónusta vinnubílinn.
- Áður en svæði stjórnanda er yfirgefið skal gera eftirfarandi:
  - Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
  - Setjið girskiptinguna í HLUTLAUSAN GÍR.
  - Setjið stöðuhemilinn á.
  - Drepið á vinnuvélinni og takið lykilinn úr.
  - Bíðið þar til hlutir á hreyfingu hafa stöðvast.
- Leyfið vinnubílnum að kólna áður en hann er stilltur, þjónustaður, þrífinn eða settur í geymslu.
- Setjið alltaf bókka undir vinnubílinn þegar unnið er undir honum.
- Ekki vinna undir palli sem hefur verið lyft án þess að nota viðeigandi öryggisstífu.
- Ekki hlaða rafgeyminn á meðan unnið er við vinnubílinn.
- Tryggið að allur vélbúnaður sé vel hertur til að viðhalda góðu ástandi vinnubílsins.
- Til að draga úr eldhættu skal hreinsa smurfeiti, gras, lauf og óhreinindi af vinnubílnum.
- Ekki sinna viðhaldi með vélina gangi, ef því verður við komið. Haldið öruggri fjarlægð frá hlutum á hreyfingu.
- Ef vélin þarf að vera í gangi við stillingu skal halda höndum, fótum, fatnaði og öðrum líkamshlutum fjarri hlutum á hreyfingu. Haldið nærstöddum í öruggri fjarlægð frá vinnubílnum.
- Hreinsið upp olíu og eldsneyti sem lekur niður.
- Kannið virkni stöðuhemilsins, eins og sagt er til um í viðhaldsáætluninni og stillið hann og þjónustið eftir þörfum.
- Haldið öllum hlutum vinnubílsins í góðu ásigkomulagi og tryggið að vélbúnaður sé rétt hertur. Skiptið um slitnar eða skemmdar merkingar.
- Aldrei breyta ætlaðri virkni öryggisbúnaðar eða skerða þá vörn sem öryggisbúnaður veitir.
- Ekki setja vélina í yfirsnúning með því að breyta stillingum gangráðsins. Látið kanna hámarkssnúningshraða vélar með snúningshraðamæli hjá viðurkenndum sölu- og þjónustuaðila Toro til að tryggja öryggi og nákvæmni.
- Ef þörf er á meiriháttar viðgerðum eða aðstoð skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila.
- Hvers kyns breytingar á vinnubílnum kunna að hafa áhrif á virkni hans, afköst eða endingu, auk þess sem hætta skapast á meiðslum á fólki eða dauða. Slík notkun getur fellt úr gildi vöruábyrgð Toro® Company.

## Ráðlögð viðhaldsáætlun/-áætlanir

Tíðni viðhaldsþjónustu	Viðhaldsferli
Eftir fyrstu 8 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none"><li>• Athugið ástand drifreimarinnar.</li><li>• Athugið strekkingu reimar startara/rafals.</li></ul>
Eftir fyrstu 25 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skiptið um smurólíu.</li><li>• Skiptið um smurólífusuna.</li></ul>
Eftir fyrstu 50 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none"><li>• Stillið ventlabil vélarinnar.</li></ul>
Eftir fyrstu 100 klukkustundirnar	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fylgið leiðbeiningum um tilkeyrslu nýs vinnubíls.</li></ul>
Fyrir hverja notkun eða daglega	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leitið eftir sliti, skurðum eða öðrum skemmdum á sætisbeltunum. Skiptið um sætisbelti ef einhver hluti þeirra virkar ekki rétt.</li><li>• Kannið þrýsting í hjólbörðum.</li><li>• Kannið stöðu smurólíu.</li><li>• Athugið virkni girskiptingar.</li><li>• Athugið hæð hemlavökvans. Athugið hæð hemlavökvans áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn.</li><li>• Þrífið sláttuvélina.</li></ul>



Tíðni viðhaldsþjónustu	Viðhaldsferli
Á 100 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skiptið um loftsíu. Skiptið fyrir um loftsúeiningu ef hún er óhrein eða skemmd.</li> <li>• Skiptið um smurolíu.</li> <li>• Skiptið um smurolífusúna.</li> <li>• Skoðið kertin.</li> <li>• Skoðið loftsúna í kolefnishylkinu.</li> <li>• Athugið ástand hjólbarða og felga.</li> <li>• Herðið felgurærnar.</li> <li>• Athugið hvort slit eða skemmdir sjást á stýri eða íhlutum fjöðrunar.</li> <li>• Athugið hjólhalla og innskeifni framhjóra.</li> <li>• Athugið hæð vökva í sambyggðum gírkassa og drifi.</li> <li>• Athugið virkni hlutlausu gírstöðunnar.</li> <li>• Hreinsið kælisvæði vélarinnar.</li> <li>• Skoðið hemlana.</li> </ul>
Á 200 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipta um síu í viðarkolahylki.</li> <li>• Stillið stöðuhemilinn ef nauðsyn krefur.</li> <li>• Athugið ástand og strekkingu drifreimarinnar.</li> <li>• Athugið strekkingu reimar startara/rafals.</li> <li>• Skoðið aksturs- og stöðuhemlana.</li> </ul>
Á 300 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Smyrjið legur framhjóra.</li> </ul>
Á 400 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skoðið eldsneytisleiðslur og tengingar.</li> <li>• Þrífið aðaldrifskúplinguna.</li> <li>• Skoðið hemlana sjónrænt og athugið hvort að hemlaklossarnir séu slitnir.</li> </ul>
Á 600 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stillið ventlabíl vélarinnar.</li> </ul>
Á 800 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skiptið um eldsneytissíu.</li> <li>• Skiptið um vökva í sambyggðum gírkassa og drifi.</li> </ul>
Á 1.000 klukkustunda fresti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skiptið um hemlavökva.</li> </ul>

**Ath.:** Farið á [www.Toro.com](http://www.Toro.com) og leitið að viðkomandi vinnubíl í gegnum handbókartengilinn á heimasíðunni til að sækja eintak af teikningum rafkerfisins.

**Mikilvægt:** Frekari upplýsingar um viðhaldsferli eru í notendahandbók vélarinnar.

## ⚠ VIÐVÖRUN

Ef viðeigandi viðhaldi er ekki sinnt á vinnubílnum er hættu á ótímabærri bilun í kerfum bílsins, sem sett getur stjórnanda eða nærstadda í hættu.

Sinnið reglulegu viðhaldi á vinnubílnum og haldið honum í góðu ásigkomulagi, eins sagt er til um í þessum leiðbeiningum.

## ⚠ VARÚÐ

Viðhald, viðgerðir, stillingar eða skoðanir á vinnubílnum skulu eingöngu vera í höndum hæfs og vottaðs starfsfólks.

- Forðist eldhættu og hafið slökkvibúnað ávallt til reiðu á vinnusvæðinu. Ekki nota loga til að kanna vökvastöðu eða eldsneytis-, rafvökva- eða kælivökva-leka.
- Ekki nota opin ílát fyrir eldsneyti eða eldfim hreinsiefni við þrif íhluta.

## ⚠ VARÚÐ

Ef lykillinn er skilinn eftir í svissinum getur hver sem er óvart gangsett vélina og valdið alvarlegum meiðslum á stjórnanda eða öðrum nærstöddum.

Drepið á vélinni og takið lykilinn úr svissinum áður en viðhaldi er sinnt.

# Gátlisti fyrir daglegt viðhald

Afritið þessa blaðsíðu til að skrá reglubundið viðhald.

Viðhaldsatriði	Vika:						
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Athugið virkni aksturshemils og stöðuhemils.							
Athugið virkni gírskiptingar/hlutlauss gírs.							
Athugið eldsneytisstöðu.							
Kannið stöðu smurólíu.							
Athugið hæð hemlavökvans.							
Athugið hæð vökva í sambyggðum gírkassa og drifi.							
Skoðið loftsíuna.							
Skoðið kælifanir vélar.							
Hlustið eftir óvenjulegum vélarhljóðum.							
Hlustið eftir óvenjulegum vinnsluhljóðum.							
Kannið þrýsting í hjólbörðum.							
Leitið eftir leka.							
Athugið virkni verkfæris.							
Athugið virkni inngjafarinnar.							
Þrifið vinnubílinn.							
Lagfærið lakk sem hefur flagnað eða skemmst.							

## Viðhald vinnubílsins við sérstök vinnuskilyrði

**Mikilvægt:** Ef vinnubílinn er notaður við einhverjar af þeim aðstæðum sem taldar eru upp hér að neðan skal sinna viðhaldi helmingi oftar:

- Vinna í eyðimörk
- Vinna við köld skilyrði – undir 10°C
- Dráttur eftirvagns
- Mikil notkun við rykugar aðstæður
- Byggingarvinna
- Eftir langa notkun í aur, sandi, vatni eða öðrum álíka óhreinindum skal gera eftirfarandi:
  - Láta skoða og hreinsa hemlana svo fljótt sem auðið er. Þetta kemur í veg fyrir að sverfandi efni valdi óeðlilegu sliti.
  - Þrifið vinnubílinn með vatni eingöngu eða með mildu hreinsiefni.

**Mikilvægt:** Ekki nota ísalt vatn eða hreinsað vatn til að þrifa vinnubílinn.

# Undirbúningur fyrir viðhald

Mörg þeirra atriða sem fjallað er um í þessari handbók krefjast þess að pallinum sé lyft og hann látinn síga. Farið eftir eftirfarandi varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir alvarleg meiðsli eða dauða.

## Undirbúningur vinnubíls fyrir viðhald

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið gírskiptinguna í HLUTLAUSAN GÍR.
3. Setjið stöðuhemilinn á.
4. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
5. Lyftið pallinum og látið hann síga.

## Vinnuvélinni lyft


### ⚠ HÆTTA

Þegar tjakkur er í notkun getur vinnubíllinn verið óstöðugur. Vinnubíllinn gæti runnið af tjakknum og valdið slysum á fólki sem er undir bílnum.

- Aldrei má gangsetja bílinn á meðan hann er á tjakki.
- Takið lykilinn alltaf úr svissinum áður en vinnubíllinn er yfirgefinn.
- Skorðið hjólbarðana þegar stutt er við vinnubílinn með lyftibúnað.
- Notið tjakkstanda til að styðja við vinnubílinn þegar honum hefur verið lyft.

**Mikilvægt:** Í hvert sinn sem vinnubíllinn er gangsettur vegna reglubundins viðhalds og/eða bilanagreininga skal gæta þess að afturhjul vinnubílsins séu í 25 mm fjarlægð frá jörðu og að afturöxull sé studdur með tjakkstöndum.


- Lyftipunktarnir framan á vinnubílnum eru staðsettir framan á grindinni, á bak við dráttarbeislið ([Mynd 19](#)).



Mynd 19

1. Lyftipunktur að framan

- Lyftipunktarnir aftan á vinnubílnum eru staðsettir undir öxlinum ([Mynd 20](#)).




Mynd 20

1. Lyftipunktar að aftan

# Vélarhlíf opnuð

## Vélarhlíf lyft

1. Lyftið handfanginu á gúmmíklinkunum sitt hvorum megin við vélarhlífina upp (Mynd 21).



Mynd 21

g312721

2. Lyftið hlífinni.

## Vélarhlíf lokað

1. Látið vélarhlífina síga gætilega.
2. Festið vélarhlífina með því að láta gúmmíklinkurnar flúttu við klínkufestingarnar sitt hvorum megin við vélarhlífina (Mynd 21).

# Smurning


## Legur framhjóra smurðar

Viðhaldstími: Á 300 klukkustunda fresti

Tilgreind smurfeiti: Mobilgrease XHP™-222

## Hjólnöf og snúður fjarlægð

1. Lyftið vinnubílnum að framan og setjið tjakkstænda undir framhliðina.
2. Fjarlægið felgurænar fjórar sem festa hjólið við hjólnöfina (Mynd 22).



G033046


g033046

Mynd 22

1. Hjólnöf
2. Hjól
3. Felguró

3. Fjarlægið kragaboltana ( $\frac{3}{8} \times \frac{3}{4}$  to.) sem halda festingunni fyrir hemlasamstæðuna fastri við drifið og skiljið hemilinn frá drifinu (Mynd 23).

**Ath.:** Setjið stoðir undir hemlasamstæðuna áður en lengra er haldið.




G033047

g033047

**Mynd 23**

1. Kragaboltar ( $\frac{3}{8} \times \frac{3}{4}$  to.)
2. Drif
3. Festing fyrir klafa (hemlasamstæða)

4. Fjarlægið rykhlífina af hjólnöfni ([Mynd 24](#)).




G033048

g033048

**Mynd 24**

1. Klofsplitti
2. Drif
3. Flipaskinna
4. Drifró
5. Festiró
6. Rykhlíf

5. Fjarlægið klofsplittið og festiróna af drifinu og drifrónni ([Mynd 24](#)).
6. Fjarlægið drifróna úr drifinu og skiljið hjólnöf og snúðsamstæðu frá drifinu ([Mynd 24](#) og [Mynd 25](#)).



G033049

g033049


**Mynd 25**

1. Drif
2. Hjólnöf og snúðsamstæða

7. Þurrkið vel af drifinu með klúti.
8. Endurtakið skref 1 til og með 7 fyrir hjólnöfina og snúðinn á hinni hlið vinnubílsins.

## Hjólalegur smurðar

1. Fjarlægið utanáliggjandi legu og legugróp af hjólnöfni ([Mynd 26](#)).



G033050  
g033050

**Mynd 26**

1. Þétti
2. Lega að innanverðu
3. Legugróp að innanverðu
4. Holrými fyrir legu (hjólnöf)
5. Lega að utanverðu
6. Legugróp að utanverðu

2. Fjarlægið þéttið úr legu að innanverðu úr hjólnöfni ([Mynd 26](#)).
3. Þurrkið vel af þéttinu og leitið eftir sliti eða skemmdum á því.

**Ath.:** Notið ekki leysiefni til að hreinsa þéttið. Ef þéttið er slitið eða skemmt skal skipta um það.

4. Hreinsið legurnar og legugröpinar og skoðið íhlutina til að leita eftir sliti eða skemmdum.


**Ath.:** Skiptið um slitna eða skemmda íhluti. Gangið úr skugga um að legurnar og gröpinar séu hreinar og þurrar.

5. Hreinsið alla feiti, óhreinindi og laust efni úr holrýminu í hjólnöfni ([Mynd 26](#)).

- Setjið tilgreinda smurfeiti í legurnar.
- Fyllið holrýmið í hjólnöfnum sem nemur um 50 til 80% af tilgreindu magni smurfeiti ([Mynd 26](#)).
- Setjið leguna að innanverðu í grópina í hjólnöfnum innanverðri og setjið þétti á ([Mynd 26](#)).
- Endurtakið skref 1 til og með 8 fyrir legurnar í hinni hjólnöfnum.

## Hjólnöf og snúður sett upp

- Berið þunnt lag af tilgreindri smurfeiti á drifið ([Mynd 27](#)).




Mynd 27

- |                |   |
|----------------|---|
| 1. Festiró     | 4. Lega að utanverðu                                      |
| 2. Drifró      | 5. Hjólnöf, snúður, lega að innanverðu, legugrúp og þétti |
| 3. Flipaskinna | 6. Drif   |

- Setjið hjólnöf og snúð upp á drifið, með snúðinn að innanverðu ([Mynd 27](#)).
- Setjið legu að utanverðu upp á drifið og komið legunni fyrir í grópinni að utanverðu ([Mynd 27](#)).
- Setjið flipaskinnuna upp á drifið ([Mynd 27](#)).
- Skrúfið drifróna á drifið og herðið hana í 15 N·m, en snúið um leið hjólnöfnum til að legan fari á réttan stað ([Mynd 27](#)).
- Losið drifróna svolítið, eða þar til hjólnöfin snýst hindrunarlaust.
- Herðið drifróna í 170 til 225 N·m.
- Setjið festiróna yfir róna og athugið hvort raufin í festirónni og gatið fyrir klofsplittið í drifinu flúttu ([Mynd 28](#)).

**Ath.:** Ef raufin í festirónni flúttar ekki við gatið á drifinu skal herða drifróna þar til raufin og gatið flúttu, að hámarki að 226 N·m á rónni.



Mynd 28

- |                |            |
|----------------|------------|
| 1. Klofsplitti | 3. Rykhlíf |
| 2. Festiró     |            |

- Setjið klofsplittið í og sveigið hvorn legg utan um festiróna ([Mynd 28](#)).
- Setjið rykhlífina á hjólnöfina ([Mynd 28](#)).
- Endurtakið skref 1 til og með 10 fyrir hjólnöfina og snúðinn á hinni hlið vinnubílsins.

## Uppsetning hemla og hjóla

- Hreinsið kragaboltana tvo ( $\frac{3}{8} \times \frac{3}{4}$  to.) og berið lag af miðlungssterku gengjulími á skrufganga boltanna.
  - Gangið úr skugga um að hemlaklossarnir sitt hvorum megin við snúðinn ([Mynd 23](#)) og götin í festingu fyrir klafann flútti við göt hemlafestingarinnar í drifgrindinni ([Mynd 27](#)).
  - Festið festinguna fyrir klafann við drifgrindina ([Mynd 23](#)) með tveimur kragaboltum ( $\frac{3}{8} \times \frac{3}{4}$  to.). Herðið kragaboltana tvo í 47 til 54 N·m (35 til 40 ft-lb).
  - Gangið úr skugga um að götin á felgunni flútti við pinnana á hjólnöfnum og setjið felguna á hjólnöfina, þannig að ventilleggurinn vísi út á við ([Mynd 22](#)).
- Ath.:** Gangið úr skugga um að uppsetningarflötur hjólsins flútti við hjólnöfina.
- Festið hjólið við hjólnöfina með felgurónum ([Mynd 22](#)). Herðið felgurærnar í 108 til 122 N m (80 til 90 ft-lb).
  - Endurtakið skref 1 til og með 5 fyrir hemlana og hjólið á hinni hlið vinnubílsins.

# Viðhald vélar

## Vélaröryggi

- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið eftir að allir hlutar á hreyfingu hafi stöðvast áður en olíuhæðin er skoðuð og olía er fyllt á sveifarhúsið.
- Haldið höndum, fótum, andliti, fatnaði og öðrum líkamshlutum í öruggri fjarlægð frá hljóðkútnum og öðrum heitum flötum.

## Unnið við loftsíuna

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti Skiptið fyrir um loftsíueiningu ef hún er óhrein eða skemmd.


**Ath.:** Ef mikið ryk eða sandur þyrlast upp þegar unnið er þarf að sinna viðhaldi loftsíu oftár.

### Loftsía athuguð


1. Lyftið pallinum og festið hann með stífunni.
2. Leitið eftir skemmdum á húsi loftsíunnar sem kunna að valda loftleka ([Mynd 29](#) og [Mynd 30](#)).

**Ath.:** Gangið úr skugga um að hlífin liggi þétt utan um loftsíuhúsið.

**Ath.:** Skiptið um skemmda loftsíuhlíf eða loftsíuhús.



Mynd 29



Mynd 30

- |                  |                 |
|------------------|-----------------|
| 1. Loftsíuhús    | 3. Hlíf loftsíu |
| 2. Loftsíueining | 4. Klinka       |

3. Losið klinkurnar sem festa loftsíuhlífina við loftsíuhúsið ([Mynd 30](#)).
4. Aðskiljið loftsíuhlífina frá loftsíuhúsinu, og hreinsið hlífina að innanverðu ([Mynd 30](#)).
5. Rennið loftsíueiningunni gætilega úr loftsíuhúsinu.

**Ath.:** Forðist að reka síuna utan í loftsíuhúsið til að dreifa ekki ryki út um allt.

6. Skoðið loftsíueininguna.
  - Ef loftsíueiningin er hrein skal setja síueininguna í; sjá [Uppsetning loftsíu \(síða 31\)](#).
  - Ef loftsíueiningin er skemmd skal skipta um síueiningu; sjá [Skipt um loftsíu \(síða 31\)](#).

### Skipt um loftsíu

1. Fjarlægið loftsíueininguna.
2. Kannið hvort nýja sían hafi skemmst í flutningum.

**Ath.:** Skoðið þéttienda síunnar.

**Mikilvægt:** Ekki setja skemmda síu í.

3. Setjið nýju loftsíuna í; sjá [Uppsetning loftsíu \(síða 31\)](#).

### Uppsetning loftsíu

**Mikilvægt:** Notið ávallt vinnuvélina með allri loftsíusamstæðunni í til að koma í veg fyrir að vélin skemmist.

**Mikilvægt:** Ekki nota skemmda síu.

**Ath.:** Ekki er ráðlagt að þrifa notuðu loftsíueininguna vegna þess að efni síunnar kann að skemmast.

1. Hreinsið útfallsop fyrir óhreinindi sem er á loftsíuhlífinni.

- Fjarlægjið úttakslokann úr gúmmíi af lokinu, hreinsið opið og skiptið um úttakslokann.
- Setjið loftsíueininguna í loftsíuhúsið ([Mynd 30](#)).

**Ath.:** Gangið úr skugga um að sían sé nógu þétt með því að ýta á ytri brún síunnar þegar hún er sett í. Ekki ýta á sveigjanlegan miðhluta síunnar.

- Komið loftsíuhlífinni fyrir í loftsíuhúsinu ([Mynd 30](#)).
- Festið hlífina við húsið með klinkunum ([Mynd 30](#)).
- Látið pallinn síga.

## Smurolíuvinna

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 25 klukkustundirnar

Á 100 klukkustunda fresti (Skiptið um olíu helmingi oftast við sérstök vinnuskilyrði; sjá [Viðhald vinnubílsins við sérstök vinnuskilyrði \(síða 26\)](#)).

**Ath.:** Skiptið oftast um olíu þegar unnið er í miklu ryki eða sandi.


**Ath.:** Fargið notaðri smurolíu og olíusíunni á vottaðri endurvinnslustöð.

## Forskriftir fyrir smurolíu

**Gerð olíu:** Hreinsiolía (API-flokkun SJ eða hærrí)

**Rúmtak sveifarhúss:** 1,4 l þegar skipt er um síu

**Seigja:** Sjá töfluna hér á eftir.




Mynd 31

## Smurolíuhæð könnuð

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega

- Leggið vinnuvélina á jafnsléttu, setjið gír í HLUTLAUSA stöðu, setjið stöðuhemilinn á, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr.

- Lyftið pallinum.
- Notið tusku til að þrifa olíukvarðann og áfyllingarlokið ([Mynd 32](#)) þannig að óhreinindi komist ekki ofan í olíukvarðarörið eða áfyllingarstútinn og skemmi vélna.



Mynd 32

- Olíukvarði (lykkja vísar niður)
- Áfyllingarlok (áfyllingarstútur)

- Takið olíukvarðann úr og strjúkið af honum ([Mynd 32](#)).
- Stingið olíukvarðanum í olíukvarðarörið og gangið úr skugga um að hann sitji vel ([Mynd 32](#)).
- Dragið olíukvarðann út og skoðið endann.
- Þegar olíuhæðin er lág skal fjarlægja áfyllingarlokið og fylla á með tilgreindri olíu í gegnum áfyllingarstútinn þar til olíuhæðin nær upp að hámarki á olíukvarðanum.


**Ath.:** Fyllið hægt á og athugið olíuhæðina jafnóðum meðan á áfyllingu stendur. **Ekki yfirfylla vélna af olíu.**

- Setjið áfyllingarlokið á ([Mynd 32](#)).
  - Stingið olíukvarðanum í og komið honum kyrrlega fyrir ([Mynd 32](#)).
- Mikilvægt:** Gætið þess að lykkjuendi olíukvarðans vísar niður.
- Látið pallinn síga.

## Skipt um smurolíu

- Leggið vinnuvélina á jafnsléttu, setjið gír í HLUTLAUSA stöðu og setjið stöðuhemilinn á.
- Gangsetjið vinnubílinn og látið vélna ganga í nokkrar mínútur.
- Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
- Lyftið pallinum og festið hann með stífunni.
- Aftengið mínuskaþalinn; frekari upplýsingar eru í [Rafgeymirinn aftengdur \(síða 39\)](#).
- Setjið afrennslispönnu undir botntappann ([Mynd 33](#)).





Mynd 33

1. Botntappi
2. Smurolúsía

7. Takið botntappann og innsiglið úr (Mynd 33).

**Ath.:** Leyfið olúnni að renna alveg af vélinni.

8. Setjið botntappann og þéttið aftur á og herðið tappann í 17,6 N·m.

9. Hellið olíu í áfyllingaropið þar til olíuhæðin nær upp að hámarkinu á olúkvarðanum.

**Ath.:** Ekki yfirfylla vélina af olíu.

10. Festið áfyllingarlokið og olúkvarðann tryggilega.
11. Tengjið rafgeyminn og látið pallinn síga.

## Skipt um smurolúsíu

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 25 klukkustundirnar

Á 100 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan) Skiptið um olíu helmingi oftari við sérstök vinnuskilyrði; sjá [Viðhald vinnubílsins við sérstök vinnuskilyrði \(síða 26\)](#).

1. Tappið olúnni af vélinni.
2. Fjarlægið olúsíuna (Mynd 33).
3. Smyrjið þunnu lagi af hreinni olíu á pakkingu nýju olúsíunnar.
4. Skrúfið nýju síuna á sítengið þar til pakkingin snertir festiplötuna og herðið svo í höndunum um 1/2 til 3/4 úr hring í viðbót (Mynd 33).

**Mikilvægt:** Ekki ofherða olúsíuna.

5. Fyllið á sveifarhúsið með tilgreindri olíu (Mynd 31).
6. Gangsetjið vélina og látið hana ganga til að athuga olíuleka.
7. Drepið á vélinni og athugið olíuhæðina.

**Ath.:** Ef nauðsyn krefur skal bæta tilgreindri olíu á vélina þar til olíuhæðin nær að hámarki olúkvarðans.

## Viðhald kerta

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan) Skiptið um kerti, ef þess er þörf.

**Gerð:** Champion RN14YC (eða samsvarandi)


**Loftbil:** 0,762 mm

**Mikilvægt:** Skipta þarf um sprungin, kámug, óhrein eða biluð kerti. Ekki sandblása, skafa eða hreinsa rafskautin með vírbursta því óhreinindi geta smám saman losnað úr tappanum og fallið í strokkinn. Slíkt leiðir oftast til skemmda á vélinni.

**Ath.:** Fjarlægja skal tappann og skoða hann í hvert skipti sem vélin bilar.

1. Hreinsið svæðið í kringum kertin til að koma í veg fyrir að aðskotahlutir komist í strokkana þegar kertin eru tekin úr.
2. Togið vírinn úr rafskautum kertanna.
3. Fjarlægið tappann úr strokklokinnu.
4. Gangið úr skugga um að engar skemmdir séu sjáanlegar á hliðarrafskauti, miðjurafskauti og einangrara á miðjurafskauti (Mynd 34).

**Ath.:** Notið ekki skemmt eða slitið kerti. Skiptið slíku kerti út fyrir nýtt kerti af tilgreindri gerð.




Mynd 34

1. Hliðarrafskaut
2. Einangrari á miðjurafskauti
3. Loftbil (ekki raunstærð)

5. Stillið loftbilið milli miðju og hliða rafskautsins á 0,762 mm, eins og sýnt er á Mynd 34.
6. Setjið kertið aftur í strokklokið og herðið kertið í 20 N·m.
7. Setjið upp vír kertisins.
8. Endurtakið skref 1 til og með 7 fyrir hina síuna.

## Stilling á hröðum/hægum lausagangi

1. Lyftið pallinum og festið hann með stífunni.
2. Þegar slökkt er á vélinni skal stíga inngjafarfótstigið í botn og mæla bilið á milli frambrúnar gangráðsarms og flipafestingar. Bilið á að vera á milli 0,8 og 2,0 mm.
3. Losið fremri festiróna við inngjafarsnúru og herðið aftari festiróna til að auka snúningshraðann úr hægum lausagangi ([Mynd 35](#)).



g312686

**Mynd 35**

Vinkilarmur sýndur þegar inngjafarfótstigið er uppi

- |                    |                 |
|--------------------|-----------------|
| 1. Inngjafarkapall | 4. Flipafesting |
| 2. Festirær        | 5. Frambrún     |
| 3. Vinkilarmur     |                 |
- 
4. Prófið hraðan lausagang með snúningshraðamæli:
    - A. Snúið svissinum í KVEIKTA stöðu.
    - B. Gætið þess að inngjafarstöngin sé í HLUTLAUSRISTÖÐU.
    - C. Stígið inngjafarfótstigið alla leið niður og notið snúningshraðamæli til að mæla snúningshraða vélarinnar. Snúningshraði vélarinnar ætti að vera á milli 3550 til 3650 sn./mín. Ef svo er ekki skal drepa á vélinni og stilla festirærnar á snúrunni.

**Mikilvægt:** Hægið ekki snúningshraða í hægum lausagangi. Prófið með snúningshraðamæli til að ganga úr skugga um að hraður lausagangur sé á bilinu 3550 til 3650 sn./mín.
  5. Ýtið á stífuna og lækkið pallinn.

## Viðhald eldsneytiskerfis

### Athugun á eldsneytisleiðslum og tengjum

**Viðhaldstími:** Á 400 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)


Skoðið eldsneytisleiðslurnar, tengin og klemmurnar með tilliti til leka, niðurbrots, skemmda eða lausra leiðslna.

**Ath.:** Gerið við alla íhluti eldsneytiskerfisins sem eru skemmdir eða leka áður en vinnubíllinn er notaður að nýju.

### Skift um eldsneytissíu

**Viðhaldstími:** Á 800 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)

1. Lyftið pallinum og festið hann með stífunni.
2. Snúið svisslyklinum í SLÖKKTÁ stöðu og takið lykilinn úr.
3. Aftengið rafgeyminn. Frekari upplýsingar eru í [Rafgeymirinn aftengdur \(síða 39\)](#).
4. Setjið afrennslispönnu undir eldsneytissíuna.
5. Fjarlægið klemmurnar sem festa eldsneytissíuna við eldsneytisleiðslurnar ([Mynd 36](#)).



G002108

**Mynd 36**

g002108

1. Eldsneytissía
- 
6. Fjarlægið eldri síuna úr eldsneytisleiðslunum.


**Ath.:** Tæmið eldri síuna og fargið henni á viðurkenndri endurvinnslustöð.
  7. Setjið nýju síuna á eldsneytisleiðslurnar þannig að örin vísi í átt að blöndungnum.
  8. Festið síuna við línurnar með klemmunum sem voru fjarlægðar í skrefi 5.
  9. Tengjið rafgeyminn og látið pallinn síga. Frekari upplýsingar eru í [Rafgeymirinn tengdur \(síða 40\)](#).

# Kolefnishylkið þjónustað

## Loftsía kolefnishylkis skoðuð


**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti—Skoðið loftsíuna í kolefnishylkinu.

Skoðið opið neðst á loftsíu kolefnishylkisins til að ganga úr skugga um að það sé hreint og laust við óhreinindi og laust efni ([Mynd 37](#)).



Mynd 37

1. Loftsíuop (innan á eldsneytisgeyminum og fyrir neðan kolefnishylkið)



Mynd 38

1. Sía í viðarkolahylki
2. Kolefnishylki
3. Slanga
4. Eldsneytisgeymir

2. Stingið hrjúfa tenginu á nýju síu kolefnishylkisins inn í slönguna neðst á kolefnishylkinu.

## Skipt um síu í viðarkolahylki

**Viðhaldstími:** Á 200 klukkustunda fresti—Skipta um síu í viðarkolahylki.

1. Fjarlægið hrjúfa tengið á síu kolefnishylkisins frá slöngunni neðst á kolefnishylkinu og fjarlægið síuna.

**Ath.:** Fargið gömlu síunni.


## Skipt um kolefnishylki

**Ath.:** Skiptið um kolefnishylki ef það er skemmt, stíflað eða ef vinnuvélin er keyrð án kolefnishylkissíu.

**Ath.:** Skiptið um síu kolefnishylkis þegar skipt er um kolefnishylki.

## Slökkt á stjórnþækinu í sætisundirstöðunni

1. Fjarlægið hnúðinn af gírstönginni ([Mynd 39](#)).



Mynd 39


1. Gírskiptiplata
2. Gírstangarhnúður

2. Fjarlægið 4 bolta sem festa gírskiptiplötuna við gírskiptifestinguna (Mynd 39).
3. Fjarlægið 4 bolta sem festa gírskiptiplötuna við sætisundirstöðuna og fjarlægið gírskiptiplötuna (Mynd 39).

### Stöðuhemilsvírinn tekinn úr sambandi

1. Neðst á vinnuvélinni skal fjarlægja plastbandið sem festir stöðuhemilsvírinn við aksturshemilsleiðsluna (Mynd 40).
2. Merkið snúningsrönd á fremri festiróna fyrir stöðuhemilsvírinn (Mynd 40).

**Ath.:** Gætið þess að fremri festiróin snúist ekki.




Mynd 40

- |                     |                          |
|---------------------|--------------------------|
| 1. Plastband        | 6. Framhlið vinnubílsins |
| 2. Stöðuhemilsvír   | 7. Klofi                 |
| 3. Fremri festiró   | 8. Klofsplitti           |
| 4. Hemlavírsfesting | 9. Splittbolti           |
| 5. Aftari festiró   | 10. Hemlavirkniarmur     |

3. Losið um aftari róna og fjarlægið vírinn frá hemlavírsfestingunni (Mynd 40).
4. Fjarlægið klofsplittið og splittboltann sem festa klofann fyrir stöðuhemilsvírinn við hemlavirkniarminn og aðskiljið vírinn frá arminum (Mynd 40).
5. Endurtakið skref 1 til 4 fyrir stöðuhemilsvírinn á hinni hlið vinnubílsins.

### Sæti og sætisundirstöður fjarlægðar

1. Neðst á vinnubílum skal fjarlægja 8 kragabolta og 8 skinna sem festa sætisundirstöðuna við gólfplötuna og rennu fyrir aftan stýrishúsið (Mynd 41).




Mynd 41

- |                                      |                          |
|--------------------------------------|--------------------------|
| 1. Kragbolti                         | 4. Gat (gólfplata)       |
| 2. Skinna                            | 5. Framhlið vinnubílsins |
| 3. Gat (renna fyrir aftan stýrishús) |                          |

2. Lyftið sætunum, sætisundirstöðunni og stöðuhemilsvírunum varlega af vinnubílnum (Mynd 41).

**Mikilvægt:** Takið eftir hvernig stöðuhemilsvírarir liggja meðfram undirvagninum þegar sætunum og sætisundirstöðunni er lyft af vinnubílnum.




Mynd 42

G029659

g029659

### Skift um kolefnishylki

1. Fjarlægið sogslönguna frá tenginu á kolefnishylkinu sem er merkt „Purge“ (hreinsun) (Mynd 43).




Mynd 43

G029627

g029627

- |  |                                    |
|--|------------------------------------|
| 1. Sogslanga                               | 4. Tengi kolefnishylkis (hreinsun) |
| 2. Eldsneytisslanga                        | 5. Framhlið vinnubílsins           |
| 3. Tengi kolefnishylkis (eldsneytisgeymir) |                                    |

2. Fjarlægið eldsneytisslönguna frá tenginu á kolefnishylkinu sem er merkt „Fuel Tank“ (eldsneytisgeymir) (Mynd 43).
3. Lyftið kolefnishylkinu frá festingu kolefnishylkisins í eldsneytisgeyminum (Mynd 44).




Mynd 44

G029628

g029628

- |  |                          |
|--|--------------------------|
| 1. Kolefnishylki                             | 3. Framhlið vinnubílsins |
| 2. Festing kolefnishylkis (eldsneytisgeymir) |                          |

4. Fjarlægið síu kolefnishylkisins og styttri hluta slöngunnar frá neðra tengi gamla kolefnishylkisins (Mynd 45).



**Mynd 45**

1. Neðra tengi (kolefnishylki) 3. Sía í viðarkolahylki  
2. Slanga

5. Komið slöngunni fyrir á neðra tengi nýja kolefnishylkisins ([Mynd 45](#)).
6. Stingið tengi á nýrri síu kolefnishylkis inn í slönguna ([Mynd 45](#)).
7. Komið nýja kolefnishylkinu fyrir í festingu fyrir kolefnishylki eldsneytisgeymisins þar sem tengi hreinsunar og eldsneytisgeymis snúa aftur ([Mynd 44](#)).
8. Tengid sögslönguna við tengið á kolefnishylkinu sem merkt er „Purge“ (hreinsun) og eldsneytisslönguna við tengið sem merkt er „Fuel Tank“ (eldsneytisgeymir) ([Mynd 43](#)).

### Sæti og sætisundirstaða sett á

1. Lyftið sætunum og sætisundirstöðunni upp á vinnubílinn og komið hemlavírum fyrir við stýrishúsið ([Mynd 41](#) og [Mynd 42](#)).
2. Staðsetjið götin á sætisundirstöðunni við götin í gólfplötunni og rennu fyrir aftan stýrishúsið ([Mynd 41](#) og [Mynd 42](#)).
3. Festið sætisundirstöðuna við gólfplötuna og rennu fyrir aftan stýrishúsið með 8 kragaboltum og 8 skinum sem voru fjarlægð í skrefi 1 í [Sæti og sætisundirstöður fjarlægðar \(síða 36\)](#) og herðið boltana í 1978 til 2542 N·cm.

### Stöðuhemilsvírar tengdir

1. Leiðið snittaðan stilli á stöðuhemilsvírnum að festingu hemlavírsins og klofann að hemlavirknistönginni ([Mynd 40](#)).
2. Festið klofann við hemlavirkniarminn með splittbolta og klofsplitti sem voru fjarlægð í skrefi

4 í [Stöðuhemilsvírinn tekinn úr sambandi \(síða 36\)](#).

3. Komið snittuðum stilli stöðuhemilsvírsins fyrir í festingu hemlavírsins og herðið aftari festiróna ([Mynd 40](#)).

**Ath.:** Gætið þess að snúa ekki fremri festiróna.

4. Endurtakið skref 1 til 3 fyrir stöðuhemilsvírinn á hinni hlið vinnubílsins.

### Tenging stjórtækis í sætisundirstöðunni

1. Tengid raftengi á rofa fyrir öfugan snúning sem er innan í girfestingunni.
2. Staðsetjið götin á girskiptifestingunni við götin á sætisundirstöðunni og festið plötuna við botninn með 4 boltum sem voru fjarlægðir í skrefi 3 í [Slökkt á stjórtækinu í sætisundirstöðunni \(síða 35\)](#).
3. Staðsetjið götin á girskiptiplötunni við götin á girskiptifestingunni og festið plötuna við botninn með 4 boltum sem voru fjarlægðir í skrefi 2 í [Slökkt á stjórtækinu í sætisundirstöðunni \(síða 35\)](#).
4. Setjið hnúða girstangar á og herðið hann með höndunum ([Mynd 39](#)).

# Viðhald rafkerfis

## Öryggi tengt rafkerfi

- Aftengið rafgeyminn áður en gert er við vinnublínn. Aftengið mínusskautið fyrst og plússkautið síðast. Tengjið plússkautið fyrst og mínusskautið síðast.
- Hlaðið rafgeyminn á opnu og vel loftræstu svæði, fjarri neistum og opnum eldi. Takið hleðslutækið úr sambandi áður en rafhlaðan er tengd eða aftengd. Klæðist hlífðarfatnaði og notið einangruð verkfæri.

## Viðhald rafgeymis

**Rafgeymisspenna:** 12 V með 300 A (köld gangsetning) við -18 °C.

- Tryggið að rafgeymirinn sé ávallt hreinn og fullhlaðinn.
- Þegar tæring er til staðar á rafgeymisskautunum verður að þrifa þau með lausn sem inniheldur fjóra hluta vatns og einn hluta matarsóða.
- Smyrjið þunnt lag af feiti á rafgeymisskautin til að koma í veg fyrir tæringu.

## Rafgeymirinn aftengdur

### ⚠ VIÐVÖRUN

Rangt lagðir rafgeymiskaplar geta valdið skemmdum á vinnubílum og köplunum sem leitt geta til neistaflugs. Neistar geta kveikt í gasi frá rafgeyminum og valdið sprengingu og meiðslum á fólki.


- Aftengið alltaf mínusrafgeymiskapalinn (svartur) áður en plúskapallinn (rauður) er aftengdur.
- Tengjið alltaf plúsrafgeymiskapalinn (rauður) áður en mínuskapallinn (svartur) er tengdur.
- Haldið rafgeymisólinni ævinlega á réttum stað til að vernda rafgeyminn og halda honum tryggilega föstum.

### ⚠ VIÐVÖRUN

Rafgeymaskaut eða verkfæri úr málmi geta valdið skammhlaupi í málmluta vinnubílsins með meðfylgjandi neistaflugi. Neistar geta kveikt í gasi frá rafgeyminum og valdið sprengingu og meiðslum á fólki.

- Þegar rafgeymirinn er tekinn úr eða settur í þarf að koma í veg fyrir að rafgeymaskautin snerti málmluta vinnuvélarinnar.
- Komið í veg fyrir að verkfæri úr málmi valdi skammhlaupi á milli rafgeymaskautanna og málmluta vinnuvélarinnar.

1. Kreistið hliðar rafgeymishlífarinnar og fjarlægjið hlífina af rafgeyminum (Mynd 46).



Mynd 46

- |                          |                    |
|--------------------------|--------------------|
| 1. Plússkaut rafgeymis   | 5. Rafgeymishlíf   |
| 2. Plúskapall rafgeymis  | 6. Rafgeymisklemma |
| 3. Mínuskapall rafgeymis | 7. Lásró           |
| 4. Mínusskaut rafgeymis  | 8. Burðarbolti     |

2. Aftengið mínuskapalinn frá rafgeymisskautinu (Mynd 46).
3. Aftengið plúskapalinn frá rafgeymisskautinu (Mynd 46).

## Rafgeymir fjarlægður

1. Aftengið rafgeymiskaplana. Frekari upplýsingar eru í [Rafgeymirinn aftengdur \(síða 39\)](#).
2. Fjarlægjið lásróna, burðarboltann og rafgeymisklemmuna sem festir rafgeyminn við rafgeymishólfið (Mynd 46).
3. Fjarlægjið rafgeyminn úr rafgeymishólfinu (Mynd 46).

## Rafgeymir settur upp

1. Komið rafgeyminum fyrir í rafgeymishólfi vinnubílsins ([Mynd 46](#)).

**Ath.:** Gangið úr skugga um að jákvæð og neikvæð skaut rafgeymisins séu stillt upp eins og sýnt er á [Mynd 46](#).

2. Festið rafgeyminn við rafgeymishólfið með rafgeymisklemmu, burðarbolta og lásró ([Mynd 46](#)).
3. Tengið rafgeymiskaplana. Frekari upplýsingar eru í [Rafgeymirinn tengdur \(síða 40\)](#).

## Rafgeymirinn tengdur

1. Tengið plúskapalinn við rafgeymisskautið ([Mynd 46](#)).
2. Tengið mínuskapalinn við rafgeymisskautið ([Mynd 46](#)).
3. Setjið rafgeymishlífina ofan á rafgeyminn ([Mynd 46](#)).

## Hleðsla rafgeymis

### ⚠ VIÐVÖRUN

Hleðsla rafgeymisins myndar sprengifimar lofttegundir.

Aldrei reykja nærri rafgeymi og verjið hann gegn neistaflugi og opnum eldi.

**Mikilvægt:** Tryggið að rafgeymirinn sé ávallt fullhlaðinn. Þetta er sérstaklega mikilvægt til að koma í veg fyrir skemmdir á rafgeyminum við hitastig undir 0 °C.

1. Fjarlægjið rafgeyminn úr vinnubílum. Frekari upplýsingar eru í [Rafgeymirinn aftengdur \(síða 39\)](#).
2. Tengið 3 til 4 A hleðslutæki fyrir rafgeymi við rafgeymiskautin. Hlaðið rafgeyminn við 3 til 4 A í fjórar til átta klukkustundir (12 V).

**Ath.:** Gætið þess að yfirhlaða ekki rafgeyminn.

3. Komið rafgeyminum fyrir á sínum stað; sjá [Rafgeymir settur upp \(síða 40\)](#).


## Geymsla rafgeymis

Ef setja á vinnubílinn í geymslu lengur en 30 daga skal taka rafgeyminn úr og fullhlaða hann. Geymið hann annaðhvort á hillu eða á vinnubílum. Ef rafgeymirinn er geymdur á vinnubílum skal hafa kaplana áfram ótengda. Geymið rafgeyminn í svölu umhverfi til að koma í veg fyrir að hann afhlaðist of hratt. Gangið úr skugga um að rafgeymirinn sé fullhlaðinn til að koma í veg fyrir að það frjósi á honum.

## Skipt um öryggi

Í rafkerfinu eru fjögur öryggi. Þau eru undir hlífinni ([Mynd 47](#)).

Palllyfta (opin; aukabúnaður)	15 A
Flauta/USB-innstunga	20 A
Aðalljós	10 A
Öryggi vinnuvélar	10 A



Mynd 47

g382796

1. Öryggjabox
2. Jarðtenging


## Viðhald aðalljósa

### Skipt um aðalljós

Tæknilýsing: Frekari upplýsingar eru í [varahlutaskrá](#).

1. Aftengið rafgeyminn. Frekari upplýsingar eru í [Rafgeymirinn aftengdur \(síða 39\)](#).
2. Opnið vélarhlífina.
3. Aftengið raftengi leiðsluknippis frá tengi ljósasamstæðunnar ([Mynd 48](#)).





Mynd 48

g312735

- |                 |                         |
|-----------------|-------------------------|
| 1. Smella       | 4. Aðalljós             |
| 2. Op í stuðara | 5. Tengi leiðsluknippis |
| 3. Stilliskrúfa | 6. Ljósasamstæða        |

- Fjarlægið smellunar sem festa aðalljósið við festingu fyrir aðalljós (Mynd 48).

**Ath.:** Geymið alla íhluti fyrir uppsetningu á nýju aðalljósi.

- Fjarlægið aðalljósasamstæðuna með því að færa hana fram á við, gegnum opið á framstuðaranum (Mynd 48).
- Setjið nýja aðalljósið upp gegnum opið á stuðaranum (Mynd 48).

**Ath.:** Gangið úr skugga um að stillistoðirnar flútti við götin í festingunni á bak við stuðaranum.

- Festið aðalljósasamstæðuna með smellunum sem voru fjarlægðar í skrefi 4.
- Tengið rafmagnstengi leiðsluknippis við tengið á ljósasamstæðunni (Mynd 48).
- Stillið aðalljósinn þannig að ljóskeilan beinist á æskilegan stað. Frekari upplýsingar eru í [Stilling aðalljósa \(síða 41\)](#).


## Stilling aðalljósa

Notið eftirfarandi aðferð til að stilla stöðu aðalljósanna í hvert sinn sem skipt er um aðalljósasamstæðuna eða hún er fjarlægð.

- Leggið vinnubílnum á jafnsléttu með aðalljósin í um það bil 7,6 m fjarlægð frá vegg (Mynd 49).

- Mælið fjarlægðina frá gólfi að miðju aðalljósanna og setjið merki á vegginn í þeirri hæð.
- Snúðið svissinum í KVEIKTA stöðu og kveikið á aðalljósunum.
- Gefið gaum að því hvar á veggnum aðalljósinn lenda.

Skærasti hluti aðalljóskeilunnar ætti að vera 20 cm fyrir neðan merkið á veggnum (Mynd 49).



Mynd 49

g312734

- Snúðið stilliskrúfunum (Mynd 48) aftan á aðalljósasamstæðunni til að snúa samstæðunni og stilla stöðu kastljósgeislans.
- Tengið rafgeyminn og lokið vélarhlífinni. Frekari upplýsingar eru í [Rafgeymirinn tengdur \(síða 40\)](#).

# Viðhald drifkerfis

## Viðhald hjólbarðanna


**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti—Athugið ástand hjólbarða og felga.

Á 100 klukkustunda fresti—Herðið felgurærnar.

1. Athugið hvort slit eða skemmdir sjást á hjólbörðum og felgum.

**Ath.:** Árekstrar sem kunna að verða við notkun vinnubílsins, líkt og þegar ekið er á gangstéttarbrúnir, geta valdið skemmdum á hjólbörðum eða felgum og raskað hjólastillingum. Skoðið því ástand hjólbarða eftir slíka árekstra.

2. Herðið felgurærnar í 108 til 122 N·m.



Mynd 51

1. Pétta í pinnastöng

## Skoðun á stýri og íhlutum fjöðrunar


**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti—Athugið hvort slit eða skemmdir sjást á stýri eða íhlutum fjöðrunar.

Hafið stýrið í miðlægri stöðu (Mynd 50) og snúið því til vinstri eða hægri. Ef stýrinu er snúið meira en 13 mm til vinstri eða hægri og hjólbarðar snúast ekki skal skoða eftirfarandi íhluti stýris og fjöðrunar til að ganga úr skugga um að þeir séu ekki slitnir eða skemmdir:

- Stýrisskaft í samskeytalið stýrisstangar

**Mikilvægt:** Athugið ástand og öryggi þéttis í pinnastönginni (Mynd 51).

- Millistangir í stýrisstangarsamstæðu



Mynd 50

1. Stýri í miðjustöðu
2. 13 mm frá miðju stýrisins

## Stilling framhjóra

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)—Athugið hjólhalla og innskeifni framhjóra.

### Undirbúningur fyrir stillingu hjólhalla og innskeifni

1. Kannið þrýsting í hjólbörðum til að ganga úr skugga um að framhjól séu fyllt að 0,82 bar.
2. Stjórnandi vinnubílsins skal sitja í sætinu, að öðrum kosti skal setja þyngd í sætið sem nemur þyngd þess sem á að aka bílnum. Stjórnandi vinnubílsins, eða jafngild þyngd, verður að vera í sætinu á meðan þessi stilling er framkvæmd.
3. Látið vinnubílinn renna beint aftur á bak á jafnsléttu um 2 til 3 metra og síðan beint áfram að upphafsstaðsetningu. Þannig nær fjöðrunin að komast í notkunarstöðu.

### Stilling hjólhalla


**Verkfæri sem eigandi útvegjar:** skrúflykill, Toro-íhlutur nr. 132-5069. Frekari upplýsingar fást hjá viðurkenndum dreifingaraðila Toro.

**Mikilvægt:** Stillið hjólhalla aðeins ef það á að nota tengitæki að framan eða ef hjólbarðarnir eru mismikið slitnir.

1. Skoðið hjólhallastillingu á hverju hjóli. Stillingin ætti að vera eins nærri hlutlausu (núllstillingu) og unnt er.


**Ath.:** Hjólbarðana skal stilla þannig að þeir nái jafnri snertingu við jörð, til að minnka ójafnt slit.

2. Ef hjólhalli er ekki réttur skal nota skrúflykil til að snúa kraganum á höggdeyfinum og stilla hjólið rétt (Mynd 52).



Mynd 52

1. Gormur í höggdeyfi
2. Kragi
3. Lengd gorms




Mynd 54

1. Millistöng
2. Festiró

## Innskeifni framhjóra stillt

**Mikilvægt:** Áður en innskeifni er stillt skal ganga úr skugga um að stilling hjólhalla sé eins hlutlaus og unnt er. Frekari upplýsingar eru í [Stilling hjólhalla \(síða 42\)](#).

1. Mælið fjarlægðina á milli framhjólanna við öxulhæð, bæði framan og aftan á framhjólunum ([Mynd 53](#)).



Mynd 53

1. Miðjulína hjólbarða – að aftan
2. Miðjulína hjólbarða – að framan
3. Miðjulína öxuls

2. Ef mæligildin eru ekki á milli 0 og 6 mm skal losa festirærnar yst á millistöngunum ([Mynd 54](#)).

3. Snúið báðum millistöngunum til að færa framhlíð hjólbarðans inn eða út á við.
4. Herðið festiró tengistangarinnar þegar stillingin er rétt.
5. Gangið úr skugga um að stýrið hreyfist alla leið í báðar áttir.


## Athugun á hæð vökva í sambyggðum girkassa og drifi

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti

**Gerð vökva:** SAE 10W30 (API þjónustuflokkur SJ eða hærri)

1. Leggið vinnuvélinni á jafnsléttu, setjið gír í HLUTLAUSA stöðu, setjið stöðuhemilinn á, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Fjarlægið boltann úr opi stöðumerkis ([Mynd 55](#)).

**Ath.:** Vökvahæð á sambyggðum girkassa og drifi á að vera við neðri brún á opi stöðumerkis.



Mynd 55

1. Stöðumerkisop

3. Ef vökvinn á sambyggðum girkassa og drifi nær ekki upp að neðri brún stöðumerkisopsins skal fylla á geyminn með tilgreindum vökva; sjá [Skript um vökva í sambyggðum girkassa og drifi \(síða 44\)](#).


# Skipt um vökva í sambyggðum gírkassa og drifi

**Viðhaldstími:** Á 800 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)

**Gerð vökva:** SAE 10W30 (API þjónustuflokkur SJ eða hærri)

**Rúmtak vökva:** 1,4 l

1. Leggið vinnuvélina á jafnsléttu, setjið gír í HLUOLAUSA stöðu, setjið stöðuhemilinn á, drepjið á vélinni og takið lykिलinn úr.
2. Þrífið svæðið í kringum áfyllingartappa og botntappa með hreinni tusku (Mynd 56).



Mynd 56

G002109

1. Botntappi
2. Áfyllingartappi

3. Komið a.m.k. tveggja lítra afrennslispönnu fyrir undir botntappanum.
4. Fjarlægið áfyllingartappann með því að snúa honum rangsælis (Mynd 56).

**Ath.:** Geymið áfyllingartappann og pakkninguna til að setja aftur upp í skrefi 8.

5. Fjarlægið botntappann með því að snúa honum rangsælis (Mynd 56).


**Ath.:** Geymið botntappann og pakkninguna til að setja aftur upp í skrefi 6.

**Ath.:** Leyfið öllum vökvanum að renna af sambyggðum gírkassa og drifi.

6. Setjið upp og herðið botntappann og pakkninguna í afrennslisopi gírkassans (Mynd 56).

**Ath.:** Fargið notuðum vökva á viðurkenndri endurvinnslustöð.

7. Fyllið á geyminn (Mynd 57) í gegnum áfyllingaropið með u.þ.b. 1,4 l af tilgreindum vökva eða þar til vökvahæðin í gírkassanum hefur náð upp að neðri brún gengjanna. (Mynd 56).



Mynd 57

G004048

1. Áfylling vökva

8. Setjið upp og herðið áfyllingartappann og pakkninguna í áfyllingaropi gírkassans (Mynd 56).
9. Gangsetjið vélina og notið vinnubílinn.
10. Athugið vökvahæðina og bætið við meiri vökva ef hæðin nær ekki upp að gengjum áfyllingaropsins (Mynd 56).


## Athugun og stilling á hlutlausum gír

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti

Þegar verið er að sinna reglubundnu viðhaldi og/eða bilanagreiningu á vél þarf að setja sambyggðan gírkassa og drif í HLUOLAUSAN gír (Mynd 58). Vél er með HLUOLAUSAN gír á gírstönginni, sem er hlutlaus staða í sambyggðum gírkassa og drifi. Framkvæmið eftirfarandi skref til að ganga úr skugga um að hlutlaus gírstöngin stjórni hlutlaus gír sambyggða gírkassans og drifsins á réttan hátt:

1. Setjið gírskiptinguna í HLUOLAUSAN GÍR
2. Gangið úr skugga um að hlutlaus festingun sé í HLUOLAUSUM gír (samhliða vírfestingunni undir gírfestingunni) með því að snúa kúplingunni (Mynd 58).

**Ath.:** Vinnubílinn á ekki að renna fram og til baka. Ef það gerist skal færa hlutlausu festinguna handvirkt í HLUOLAUSA stöðu.



Mynd 58

G002093


1. Hlutlaus festing
2. Lásrær

3. Snúið annarri lásrónni (Mynd 58) þar til 0,762 til 1,524 mm bil myndast milli neðsta hluta róar/skinnu og hlutlausrar festingar.

**Ath.:** Halda verður snittaða skaftinu fyrir neðan festinguna þegar lásrónni er komið fyrir að ofan.

4. Snúið hinni lásrónni þar til 0,76 til 1,52 mm bil myndast milli neðsta hluta róar/skinnu og hlutlausrar festingar.
5. Togið upp báða gírskiptingarkaplana og gangið úr skugga um að það sé 0,76 til 1,52 mm bil á milli róar/skinnu og hlutlausrar festingar (Mynd 59).

**Ath.:** Ef bil er ekki til staðar skal stilla rærnar til að ná tilgreindu bili.



Mynd 59

G002094

1. Hlutlaus festing
2. Toga upp
3. Kapalhetta
4. 0,76 til 1,52 mm bil
5. Rangt – stillið til að mynda 0,76 til 1,52 mm bil

6. Gangsetjið vélina og skiptið í FRAMGÍR, BAKKGÍR og HLUTLAUSAN GÍR nokkrum sinnum til að ganga úr skugga um að hlutlausra festingin virki rétt.

## Viðhald aðaldrifskúplingarinnar

Viðhaldstími: Á 400 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)


### ⚠ VARÚÐ

Hætta er á að rykið úr kúplingunni þyrlist upp og rykið kann að skaða augu eða lungu við innöndun og valdið öndunarerfiðleikum.

Notið öryggisgleraugu og rykgrímu, eða annan hlífðarbúnað fyrir augu og öndunarfæri þegar slíkt er framkvæmt.

1. Lyftið og festið hann á sínum stað.
2. Fjarlægið boltana þrjá sem halda hlífinni við kúplinguna og fjarlægið hlífina (Mynd 60).

**Ath.:** Geymið hlífina og boltana til uppsetningar síðar.



Mynd 60

G011947

1. Lok
2. Boltar

3. Notið þrýstiloft og þrifið vandlega hlífina að innan og innri íhluti kúplingarinnar.
4. Komið kúplingshlífinni aftur fyrir og festið hana með boltunum þremur (Mynd 60) sem fjarlægðir voru í 2.
5. Látið pallinn síga.

# Dregið úr hámarkshraða

## VARÚÐ


Hætta er á að rykið úr kúplingunni þyrlist upp og rykið kann að skaða augu eða lungu við innöndun og valdið öndunarerfiðleikum.

Notið öryggisgleraugu og rykgrímu, eða annan hlífðarbúnað fyrir augu og öndunarfæri þegar slíkt er framkvæmt.

1. Lyftið og festið hann á sínum stað; sjá [Pallinum lyft \(síða 19\)](#).
2. Fjarlægið boltana sem halda hlíf aðalkúplingarinnar á sínum stað eins og sýnt er á [Mynd 61](#).

**Mikilvægt:** Gæta skal varúðar þegar kúplingshlífin er fjarlægð; spenna er á gorminum.

**Mikilvægt:** Skráið niður í hvaða átt kúplingshlífar og kúplingssamstæður snúa miðað við X-ásinn til að auðvelda endursamsetningu.



Mynd 61

1. Stöðuhólkur fyrir kúplingu

---

3. Fjarlægið gorminn.
4. Bætið við eða fjarlægið stöðuhólkar til að breyta hámarkshraðanum. Notið eftirfarandi töflu til að ákvarða hversu marga stöðuhólka þarf að nota.

Stöðuhólkur	Hámarkshraði
2 (staðlað)	26 km/klst. (staðlað)
3	19 km/klst.
4	14 km/klst.
5	10 km/klst.
6	6 km/klst.

**Mikilvægt:** Ekki nota vinnubílinn fyrr en a.m.k. tveimur stöðuhólkum hefur verið komið fyrir í kúplingunni.

5. Komið fyrir gorm- og kúplingshlífinni.

**Mikilvægt:** Gangið úr skugga um að X-merkingin sé á upprunalegum stað.

6. Herðið boltana með 179 til 228 N·m snúningsátaki.

# Viðhald kælikerfis

## Öryggi tengt kælikerfi

- Inntaka kælivökva vélar getur valdið eitrun; geymið þar sem börn og gæludýr ná ekki til.
- Heitur kælivökvi sem sprautast út eða snerting við heitan vatnskassa og nærliggjandi hluti getur valdið alvarlegum brunasárum.
  - Bíðið alltaf með að fjarlægja vatnskassalokið í minnst 15 mínútur á meðan vélin kólnar.
  - Notið tusku þegar vatnskassalokið er skrúfað laust og opnið lokið rólega til að hleypa gufu út.
- Ekki vinna á vinnubílum án hlífa á viðeigandi stöðum.
- Haldið fingrum, höndum og klæðnaði í öruggri fjarlægð frá viftu og drifreim á hreyfingu.
- Drepið á vélinni og takið lykilinn úr áður en viðhaldi er sinnt.

## Hreinsun á kælisvæðum vélarinnar

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti Hreinsið kælikerfið helmingi oftár við sérstök vinnuskilyrði; sjá [Viðhald vinnubílsins við sérstök vinnuskilyrði \(síða 26\)](#).

**Mikilvægt:** Notkun vélarinnar með stíflaðri snúningshlíf, óhreinum eða stífluðum kælifönnum eða án kælihlífa á sínum stað veldur ofhitnun og skemmdum á vélinni.

**Mikilvægt:** Aldrei skal hreinsa vélina með háþrýstidælu vegna þess að vatnið gæti komist í eldsneytiskerfið.

Hreinsið snúningshlíf, kælifanir og ytra byrði vélarinnar.

**Ath.:** Hreinsið íhluti kælingar oftár þegar unnið er við mjög rykugar og óhreinar aðstæður.

# Viðhald hemla

## Hemlaskoðun

**Viðhaldstími:** Á 100 klukkustunda fresti


**Mikilvægt:** Hemlar eru mikilvægir öryggisíhlutir vinnubílsins. **Skoðið hemlana gaumgæfilega samkvæmt áætluðu viðhaldsbili til að tryggja hámarksafköst og öryggi.**

- Skoðið hemlaborðana m.t.t. slits eða skemmda. Ef þykkt borða (hemlaklossi) er undir 1,6 mm skal skipta um hemlaborða.
- Skoðið bakplötuna og aðra íhluti m.t.t. óeðlilegs slits eða aflögunar. Skiptið um alla íhluti sem hafa aflagast.
- Athugið hæð hemlavökvans; sjá [Athugun á hæð hemlavökvans \(síða 48\)](#).

## Handfang stöðuhemils stillt

**Viðhaldstími:** Á 200 klukkustunda fresti

1. Fjarlægið gripið af stöðuhemilsstönginni ([Mynd 62](#)).



Mynd 62

1. Grip
2. Stillihnúði hemils
3. Stilliskrúfa
4. Stöðuhemilsstöng


2. Losið um stilliskrúfunu sem festir stillihnúða hemils við stöðuhemilsstöngina ([Mynd 62](#)).
3. Snúið stillihnúða hemils þar til 133 til 156 N krafti er náð til að tengja stöðuhemilsstöngina ([Mynd 62](#)).

**Ath.:** Ef stillihnúða hemils hefur verið snúið alla leið og ekki næst 133 til 156 N kraftur sem þarf til að tengja stöðuhemilsstöngina skal stilla hemlavírana; sjá [Stilling hemlavíra \(síða 48\)](#).

4. Herðið stilliskrúfunu og setjið gripið á ([Mynd 62](#)).

# Stilling hemlavíra

1. Fjarlægjið gripið af stöðuhemilsstönginni (Mynd 62).
2. Losið um stilliskrúfuna (Mynd 62) sem festir stillihnúða hemils við stöðuhemilsstöngina, aftengið stöðuhemilinn og losið um stillihnúða hemilsins.
3. Neðst á vinnuvélinni skal losa um aftari lásróna fyrir snittaðan stilli stöðuhemilsvírsins um 4 snúninga (Mynd 63).



Mynd 63

- |                     |                                       |
|---------------------|---------------------------------------|
| 1. Fremri lásró     | 4. Snittaður stillir (stöðuhemilsvír) |
| 2. Aftari lásró     | 5. Framhlið vinnubílsins              |
| 3. Hemlavírsfesting |                                       |

4. Herðið fremri lásróna (Mynd 63).
5. Snúið hnúðnum (Mynd 62) þar til 133 til 156 N af afli er krafist til að hreyfa stöngina.
  - Ef ekki er hægt að stilla stillihnúða hemilsins með því að **losa um** hann og tengja stöðuhemilsstöngina með 133 til 156 N krafti skal gera eftirfarandi:
    - A. Losið um fremri lásróna (Mynd 63) fyrir snittaðan stilli stöðuhemilsvírsins um 1 snúning.
    - B. Herðið aftari lásróna (Mynd 63).
    - C. Snúið hnúðnum (Mynd 62) þar til 133 til 156 N af afli er krafist til að hreyfa stöngina.
    - D. Endurtakið skref A til C allt að tvisvar sinnum til að ná stöðuhemilskrafti á bilinu 133 til 156 N.
  - Ef ekki er hægt að stilla stillihnúða hemilsins með því að **herða** hann og tengja stöðuhemilsstöngina með 133 til 156 N krafti skal gera eftirfarandi:
    - A. Losið um aftari lásróna (Mynd 63) fyrir snittaðan stilli stöðuhemilsvírsins um 1 snúning.
    - B. Herðið fremri lásróna (Mynd 63).

- C. Snúið hnúðnum (Mynd 62) þar til 133 til 156 N af afli er krafist til að hreyfa stöngina.
- D. Endurtakið skref A til C allt að þrisvar sinnum til að ná stöðuhemilskrafti á bilinu 133 til 156 N.

**Ath.:** Ef ekki er hægt að stilla stöðuhemilsvírinn nógu mikið til að ná stillihnúða hemilsins inn fyrir stillisviðið skal athuga hvort óeðlilegt slit sé á bremsuklossunum.


- Herðið stilliskrúfuna og setjið gripið á (Mynd 62).

## Athugun á hæð hemlavökvans

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega—Athugið hæð hemlavökvans. Athugið hæð hemlavökvans áður en vélin er gangsett í fyrsta sinn.

### Gerð hemlavökva: DOT 3

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu.
2. Setjið stöðuhemilinn á.
3. Drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
4. Opnið vélarhlífina til að fá aðgang að höfuðhemladælunni og geyminum (Mynd 64).




Mynd 64

- |                              |                     |
|------------------------------|---------------------|
| 1. Áfyllingarstútur (geymir) | 3. DOT 3-hemlavökvi |
| 2. Lok á geymi               |                     |

5. Lítið eftir vökvastöðu á hlið geymisins (Mynd 65).

**Ath.:** Hæðin ætti að vera yfir lágmarkslínunni.





**Mynd 65**

1. Hemlavökvageymir                      2. Lágmarkslína

6. Ef vökvastaða er lág skal gera eftirfarandi:
- Hreinsið svæðið kringum lokið á geyminum og fjarlægið lokið ([Mynd 64](#)).
  - Fyllið á með DOT 3-hemlavökva þar til vökvahæðin er komin yfir lágmarkslínuna ([Mynd 65](#)).
- Ath.:** Ekki yfirfylla geyminn af hemlavökva.
- Setjið lokið á geyminn ([Mynd 64](#)).
7. Lokið hlífinni.

## Skipt um hemlavökva

**Viðhaldstími:** Á 1.000 klukkustunda fresti

Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro.

## Viðhald reimar

### Skipt um drifreim


#### Skoðun drifreimar

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 8 klukkustundirnar

Á 200 klukkustunda fresti

- Leggið vinnubílnum á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, drepjið á vélinni og takið lykilinn úr.
- Lyftið pallinum og festið hann með stífum.
- Setjið gírskiptinguna í HLUTLAUSAN GÍR.
- Snúið og skoðið reimina ([Mynd 66](#)) m.t.t. óeðlilegs slits eða skemmda.

**Ath.:** Skiptið um reimina ef hún er mjög slitin eða skemmd; sjá [Skipt um reim \(síða 49\)](#).



**Mynd 66**

1. Drifreim    3. Aukatengsli  
2. Aðaltengsli

- Látið pallinn síga.

### Skipt um reim


- Lyftið pallinum.
  - Setjið gírkassann í HLUTLAUSA stöðu, setjið stöðuhemillinn á, svissið AF og takið lykilinn úr.
  - Snúið og þræðið reiminni yfir aukakúplinguna ([Mynd 66](#)).
  - Fjarlægið reimina af aðalkúplingunni ([Mynd 66](#)).
- Ath.:** Fargið gömlu reiminni.
- Komið nýju reiminni í stöðu yfir aðalkúplingunni ([Mynd 66](#)).
  - Snúið og þræðið reimina yfir aukakúplinguna ([Mynd 66](#)).
  - Látið pallinn síga.

# Stilling á reim startara/rafals

**Viðhaldstími:** Eftir fyrstu 8 klukkustundirnar

Á 200 klukkustunda fresti

1. Lyftið pallinum.
2. Losið um snúningsróna á startara/rafali ([Mynd 67](#)).



**Mynd 67**

g312687

- |                               |                           |
|-------------------------------|---------------------------|
| 1. Hús aðaldrifskúplingar     | 4. Snúningsró             |
| 2. Drifreim                   | 5. Startari/rafall        |
| 3. Snúningsfesting rafstöðvar | 6. Reim á startara/rafali |


3. Setjið kúbein á milli vélarfestingarinnar og startarans.
4. Ýtið kúbeininu niður á við til að snúa startaranum niður í raufina þar til strekkingin á reiminni er nægileg til að slaki reimarinnar sé einungis um 6 mm þegar 44 N·m afli er beitt ([Mynd 67](#)).
5. Herðið snúningsróna með höndunum og fjarlægið kúbeinið ([Mynd 67](#)).
6. Herðið snúningsróna í 88 til 115 N·m.
7. Látið pallinn síga.

# Viðhald undirvagns

## Stilling á klinkum pallsins

Ef klinkan á pallinum er vanstillt hristist pallurinn upp og niður þegar vinnubílnum er ekið. Hægt er að stilla klinkustoðirnar til að klinkurnar haldi pallinum þétt að undirvagninum.

1. Losið um lásróna á enda klinkustoðar ([Mynd 68](#)).



G002181

g002181

**Mynd 68**

- |           |               |
|-----------|---------------|
| 1. Klinka | 3. Klinkustoð |
| 2. Lásró  |               |

2. Snúið klinkustoðinni réttisælis þar til hún er þéttingsföst við krókhuta klinkunnar ([Mynd 68](#)).
3. Herðið lásróna í 19,7 til 25,4 N·m.
4. Endurtakið skref 1 til 3 fyrir klinkuna á hinni hlið vinnubílsins.

# Þrif

## Vinnubíllinn þrifinn

**Viðhaldstími:** Fyrir hverja notkun eða daglega—Þrifið sláttuvélina.

Notið eingöngu vatn eða mild hreinsiefni til að þrifa vinnubíllinn eftir þörfum. Nota má tusku til að þrifa vinnubíllinn.

**Mikilvægt:** Ekki nota ísalt vatn eða hreinsað vatn til að þrifa vinnubíllinn.

**Mikilvægt:** Ekki nota háprýstibúnað til að þrifa vinnubíllinn. Þvottur með háprýstibúnaði getur skemmt rafkerfið, losað um mikilvægar merkingar eða skolað í burtu mikilvægri smurfeiti af núningsstöðum. Forðist mikla notkun vatns, sérstaklega nærri stjórnborðinu, vélinni og rafgeyminum.

**Mikilvægt:** Þrifið ekki vinnubíllinn með vélina í gangi. Þrif á vinnubílnum þegar vélin er í gangi getur valdið skemmdum á innri vélaríhlutum.

# Geymsla

## Öryggi við geymslu

- Drepið á vélinni, takið lykilinn úr og bíðið þar til allir hlutar hafa stöðvast áður en farið er úr öikumannssætinu. Leyfið vinnubílnum að kólna áður en hann er stilltur, þjónustaður, þrifinn eða settur í geymslu.
- Geymið ekki vinnubíllinn eða eldsneytisílát nærri óvörðum loga, neistaflugi eða kveikiloga, á borð við vatnshitara eða önnur heimilistæki.

## Vinnubíllinn settur í geymslu

**Viðhaldstími:** Á 200 klukkustunda fresti—Skoðið aksturs- og stöðuhemlana.

Á 400 klukkustunda fresti—Skoðið hemlana sjónrænt og athugið hvort að hemlaklossarnir séu slitnir.

Eftir fyrstu 50 klukkustundirnar

Á 600 klukkustunda fresti/Árlega (hvort sem verður á undan)

1. Leggið vinnubílnum á jafnsléttu, setjið stöðuhemilinn á, drepið á vélinni og takið lykilinn úr.
2. Hreinsið óhreinindi og gróm af vinnubílnum, þ.m.t. af ytra byrði vélar.
3. Skoðið hemlana; sjá [Hemlaskoðun \(síða 47\)](#).
4. Skiptið um loftsíuna; frekari upplýsingar eru í [Unnið við loftsíuna \(síða 31\)](#).
5. Þéttið inntak loftsíu og útblástursúttak með veðurpolnu límbandi.
6. Skiptið um smurolíu; sjá [Smurolíuvinna \(síða 32\)](#).
7. Skolið eldsneytisgeyminn með nýju og hreinu eldsneyti.
8. Herðið öll tengi eldsneytiskerfisins.
9. Kannið þrýsting í hjólbörðum; sjá [Þrýstingur hjólbarda kannaður \(síða 16\)](#).
10. Athugið frostlöginn og fyllið á með 50/50 lausn af vatni og frostlegi eftir þörfum miðað við áætlað lágmarkshitastig á vinnusvæðinu.
11. Fjarlægið rafgeyminn úr vinnubílnum og hlaðið hann að fullu; sjá [Hleðsla rafgeymis \(síða 40\)](#).

**Ath.:** Ekki tengja rafgeymiskaplana við rafgeymaskautin við geymslu.

**Mikilvægt:** Hlaða verður rafgeyminn að fullu til að koma í veg fyrir að hann frjósi og skemmist við lægra hitastig en 0°C.

**Fullhlaðin rafgeymir heldur hleðslu sinni í um það bil 50 daga við lægra hitastig en 4°C. Ef hitastigið mun fara undir 4°C skal hlaða hann á 30 daga fresti.**

12. Skoðið og herðið alla bolta, rær og skrúfur. Gerið við eða skiptið um skemmda hluta.
13. Lakkið yfir rispaða eða óvarða málmfleti.  
**Ath.:** Lakk fæst hjá næsta viðurkennda þjónustu- og söluaðila.
14. Geymið vinnuvélina í hreinni, þurri vélageymslu eða geymslusvæði.
15. Breiðið yfir vinnuvélina til að verja hana og halda henni hreinni.

**Athugasemdir:**

## Persónuverndaryfirlýsing fyrir EES/Bretland

### Notkun Toro á persónuupplýsingum

The Toro Company („Toro“) virðir rétt þinn til persónuverndar. Þegar þú kaupir vörur okkar kunnum við að safna vissum upplýsingum um þig, annaðhvort beint frá þér eða í gegnum fyrirtæki eða söluaðila Toro á þínu svæði. Toro notar þessar upplýsingar til að uppfylla samningsbundnar skyldur sínar – svo sem að skrá ábyrgðina þína, vinna ábyrgðarkröfur eða hafa samband við þig vegna innköllunar vöru – og í löglegum viðskiptatilgangi – svo sem að mæla ánægju viðskiptavina, bæta vörur okkar og bjóða upp á vöruupplýsingar sem þú kannt að hafa áhuga á. Toro kann að deila upplýsingunum þínum með dótturfyrirtækjum sínum, hlutdeildarfélögum sínum, söluaðilum eða öðrum samstarfsaðilum í tengslum við þetta. Við kunnum einnig að birta persónuupplýsingar þegar þess er krafist samkvæmt lögum eða í tengslum við sölu, kaup eða sameiningu fyrirtækisins. Við munum aldrei selja persónuupplýsingarnar þínar öðru fyrirtæki í markaðslegum tilgangi.

### Geymsla persónuupplýsinga

Toro geymir persónuupplýsingarnar þínar eins lengi og við á samkvæmt tilganginum hér á undan og eins og krafist er samkvæmt lögum. Frekari upplýsingar um viðeigandi geymslutímabil er hægt að nálgast í gegnum netfangið [legal@toro.com](mailto:legal@toro.com).

### Áhersla Toro á öryggi

Persónuupplýsingar þínar kunna að vera unnar í Bandaríkjunum eða öðru landi þar sem gagnaverndarlög kunna að vera rýmri en í þínu heimalandi. Þegar við flytjum upplýsingarnar þínar út fyrir heimaland þitt munum við grípa til aðgerða, sem krafist er samkvæmt lögum, til að tryggja að gripið sé til viðeigandi öryggisráðstafana til að verja upplýsingarnar þínar og tryggja að þær séu meðhöndlaðar á öruggan máta.

### Aðgangur og leiðrétting

Þú kannt að hafa rétt til að leiðrétta eða fara yfir persónuupplýsingarnar þínar eða hafna eða takmarka vinnslu þeirra. Hafðu samband við okkur í gegnum netfangið [legal@toro.com](mailto:legal@toro.com) til að gera það. Ef þú hefur áhyggjur af því hvernig Toro fer með upplýsingarnar þínar hvetjum við þig til að hafa beint samband við okkur. Hafðu í huga að Evrópubúar geta sent kvörtun til gagnaverndaryfirvalda.

# Upplýsingar um viðvörun vegna tillögu 65 í Kaliforníu (California Proposition 65)

## Hvaða viðvörun er þetta?

Mögulega sérðu vöru til sölu með viðvörunarmerkingu á borð við eftirfarandi:



**VIÐVÖRUN:** Hætta á krabbameini og skaða á æxlunarfærum –  
[www.p65Warnings.ca.gov](http://www.p65Warnings.ca.gov).

## Hvað er tillaga 65?

Tillaga 65 nær til allra fyrirtækja sem starfa í Kaliforníu, selja vörur í Kaliforníu eða framleiða vörur sem kunna að vera seldar eða keyptar í Kaliforníu. Samkvæmt henni skal ríkisstjóri Kaliforníu viðhalda og birta lista yfir íðefni sem vitað er að valdi krabbameini, fæðingargöllum og/eða öðrum æxlunarskaða. Listinn er uppfærður árlega og inniheldur hundruð íðefna sem finna má í mörgum hversdagslegum hlutum. Tilgangur tillögu 65 er að upplýsa almenning um váhrif þessara íðefna.

Tillaga 65 bannar ekki sölu vara sem innihalda þessi íðefni en krefst þess í stað að viðvaranir séu settar á vörur, vöruumbúðir eða fylgiskjöl viðkomandi vara. Enn fremur gefur viðvörun á grunni tillögu 65 ekki til kynna að vara brjóti gegn öryggisstöðlum eða -kröfum vara. Yfirvöld Kaliforníu hafa í raun útskýrt að viðvörun á grunni tillögu 65 jafngildi ekki ákvörðun á grunni reglugerða um hvort vara er „örugg“ eða „öörugg“. Mörg þessara íðefna hafa verið notuð í hversdagslegum vörum um árabíl án skráðs skaða. Frekari upplýsingar er að finna á <https://oag.ca.gov/prop65/faqs-view-all>.

Viðvörun á grunni tillögu 65 þýðir að fyrirtæki hefur annaðhvort (1) metið váhrifin og komist að þeirri niðurstöðu að hættustig sé hverfandi; eða (2) hefur valið að birta viðvörunina vegna þess að íðefni af listanum er til staðar án þess að váhrifin hafi verið metin.

## Gilda þessi lög alls staðar?

Viðvaranir á grunni tillögu 65 eru eingöngu áskildar samkvæmt lögum Kaliforníu. Þessar viðvaranir er að finna víðs vegar um Kaliforníu, í mismunandi samhengi, þar á meðal en ekki takmarkað við á veitingastöðum, kjörbúðum, hótélum, skólum og spítölum og á ýmis konar vörum. Við þetta bætist að sumar netverslanir og vörulistaverslanir birta viðvaranir á grunni tillögu 65 á vefsvæðum sínum og í vörulistum.

## Hvernig standa viðvaranir Kaliforníu í samanburði við mörk í landslögum?

Staðlar tillögu 65 eru oft mun strangari en í landslögum og alþjóðlegum stöðlum. Ýmis efni krefjast viðvörunar á grunni tillögu 65 í mun minni styrk en krafist er samkvæmt bandarískum landslögum. Til dæmis eru mörk tillögu 65 fyrir viðvörun vegna blýs 0,5 µg/dag, sem er mun lægra en samkvæmt bandarískum landslögum og alþjóðlegum stöðlum.

## Af hverju bera ekki allar sambærilegar vörur viðvörunina?

- Vörur sem seldar eru í Kaliforníu þarf að merkja samkvæmt tillögu 65 á meðan ekki þarf að merkja sambærilegar vörur sem seldar eru annars staðar.
- Fyrirtæki sem nær samkomulagi vegna málsóknar á grunni tillögu 65 þarf mögulega að merkja vörur sínar með viðvörunum á grunni tillögu 65 en önnur fyrirtæki sem framleiða samsvarandi vörur þurfa þess ekki.
- Ekki er samræmi í því hvernig tillögu 65 er framfylgt.
- Fyrirtæki kunna að sleppa því að nota þessar viðvaranir vegna þess að viðkomandi fyrirtæki telja sig ekki þurfa þess samkvæmt tillögu 65; það að vara sé ekki með viðvörun merkir ekki að viðkomandi vara sé án þeirra íðefna og í þeim styrk sem listinn segir til um.

## Af hverju notar Toro þessa viðvörun?

Toro hefur kosið að veita neytendum eins miklar upplýsingar og hægt er til að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um vörurnar sem þeir kaupa og nota. Toro notar þessar viðvaranir í tilteknum tilvikum vegna þess að það veit af tilvist eins eða fleiri skráðra íðefna án þess að leggja mat á váhrif, þar sem ekki fylgja öllum skráðum íðefnum upplýsingar um váhrifamörk. Þótt váhrif af völdum vara frá Toro kunni að vera hverfandi eða langt innan þeirra marka sem segja til um hverfandi hættu hefur Toro ákveðið að kjósa frekar meiri aðgát en minni og valið að nota viðvaranir á grunni tillögu 65. Enn fremur skal hafa í huga að ef Toro birtir ekki þessar viðvaranir kann það að verða lögsótt af Kaliforníuríki eða einkaaðilum sem framfylgja vilja tillögu 65 og gert að greiða umtalsverðar sektir.



## Ábyrgð Toro

Takmörkuð tveggja ára eða 1500 vinnustunda ábyrgð

### Skilmálar og vörur sem falla undir ábyrgð

Toro Company ábyrgist gagnvart þér að Toro-varan („vara“) þín sé laus við efnis- og smíðagalla í tvö ár eða 1500 vinnustundir\*, hvort sem kemur á undan. Þessi ábyrgð nær til allra vara nema loftunarbúnaðar (sjá aðskildar ábyrgðaryfirlýsingar fyrir þær vörur). Komi upp tilvik sem falla undir ábyrgð önnust við viðgerð á vörunni þér að kostnaðarlausu, þar með talið greining, vinna, varahlutir og flutningur. Þessi ábyrgð tekur gildi þegar varan er afhent fyrsta kaupanda. \* Varan er búin vinnustundamæli.

### Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna frá um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Toro Commercial Products Service Department  
8111 Lyndale Avenue South  
Bloomington, MN 55420-1196  
952-888-8801 eða 800-952-2740  
Netfang: commercial.warranty@toro.com

### Skyldur eiganda

Sem eigandi vörunnar berð þú ábyrgð á nauðsynlegu viðhaldi og stillingum sem lýst er í *notendahandbókinni*. Viðgerðir á vörunni vegna vandamála sem rekja má til þess að nauðsynlegt viðhald eða stillingar voru ekki framkvæmdar falla ekki undir ábyrgðina.

### Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir í vöru sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro eða uppsetningar og notkunar viðbóta eða aukahluta og vara sem ekki eru frá Toro.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Ógallaða varahluti. Dæmi um varahluti sem eru notaðir, eða gernýttir, við hefðbundna notkun eru, en ekki takmarkaðir við, hemlaklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnifar, kefli, rúllur og legur (eina-graðar og smurðar), fastir hnifar, kerti, eltiþjól og legur, hjólbarðar, síur, reimar og tiltekni úðaraflutir á borð við himnur, stúta, straummæla og einstefnuloka.
- Bilanir vegna utanaðkomandi áhrifa, þar á meðal, en ekki takmarkað við, veðurs, geymslu, óhreininda, notkunar ósamþykks eldsneytis, kælivökva, smurefna, íblöndunarefna, áburðar, vatns eða íðefna.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensins, dísilólíu eða lífdísils) sem ekki uppfyllir viðeigandi iðnaðarstaðla.
- Eðlilegan hávaða, titring, slit og tæringu. Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna slits eða svörfunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum.

### Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur sem fluttar er út frá Bandaríkjunum eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við vottaða þjónustumiðstöð Toro.

### Íhlutir

Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við nauðsynlegt viðhald falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Íhlutir sem skipt er út í tengslum við þessa ábyrgð falla undir ábyrgð út gildistíma upprunalegrar ábyrgðar vörunnar og þeir eru eign Toro. Toro tekur lokaákvörðun um hvort á að gera við fyrirbyggjandi íhlut eða samstæðu eða hvort skipta eigi um hana. Toro kann að nota endurgerða varahluti við viðgerðir sem falla undir ábyrgð.

### Ábyrgð á Li-ion djúphleðslurafhlöðu

Li-ion djúphleðslurafhlöður eru með tiltekinn heildarþjóla kílóvattstunda sem þær geta afkastað út endingartíma sinn. Notkun, hleðsla og viðhald geta lengt eða dregið úr endingartíma rafhlöðunnar. Þegar rafhlöður eru notaðar í þessari vöru minnkast sú vinna sem hægt er að sinna á milli hleðslulota þar til á endanum að rafhlöðan heldur ekki lengur hleðslu. Skipti á úrsérgengnum rafhlöðum, eftir eðlilega notkun, er á ábyrgð eiganda vörunnar. Athugið: (Eingöngu Li-ion rafhlöða): Frekari upplýsingar er að finna í ábyrgð rafhlöðunnar.

### Ábyrgð á sveifarás út endingartíma (eingöngu ProStripe 02657-gerð)

ProStripe, sem er með núningsdisk frá Toro og hemlatengsli fyrir hnif til að tryggja öryggi við gangsetningu (sambyggð hemlatengsli fyrir hnif + núningsdiskur) sem upprunalegan búnað, notað af upprunalegum kaupanda í samræmi við ráðlagða notkun og viðhald, er í ábyrgð gagnvart bognum sveifarás út endingartímann. Vinnubílar sem eru með núningsdisknum, hnífahemlatengslaeiningum og öðrum slíkum búnaði falla ekki undir ábyrgð á sveifarási út endingartímann.

### Eigandi greiðir fyrir viðhald

Vélarstilling, smurning, þrif og bón, síuskipti, kælivöskvaskipti og framkvæmd reglulegs viðhalds er á meðal hefðbundinnar þjónustu sem sinna þarf á vörum Toro og sem er á kostnað eigandans.

### Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

**Toro Company ber ekki ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblástursábyrgðarinnar sem vísað er til hér að neðan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.**

Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig. Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

### Athugasemd um útblástursábyrgð

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagsráðs Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgir vörunni eða er að finna í fylgiskjólum vélarframleiðanda.